| 2004 | 76 | 8 | 10,5 | 7 | 9,2 | 0 | 0,0 | 61 | 80,3 |

## Stykkishólmur

| | Alls | Niðurfelld mál | | Fallið frá saksókn | | Ákærufrestun | | Ákærur | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| 2001 | 108 | 13 | 12,0 | 8 | 7,4 | 2 | 1,9 | 85 | 78,7 |
| 2002 | 100 | 4 | 4,0 | 3 | 3,0 | 1 | 1,0 | 92 | 92,0 |
| 2003 | 86 | 5 | 5,8 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 81 | 94,2 |
| 2004 | 86 | 7 | 8,1 | 0 | 0,0 | 1 | 1,2 | 78 | 90,7 |

## Búðardalur

| | Alls | Niðurfelld mál | | Fallið frá saksókn | | Ákærufrestun | | Ákærur | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| 2001 | 2 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 2 | 100,0 |
| 2002 | 7 | 2 | 28,6 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 5 | 71,4 |
| 2003 | 1 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 1 | 100,0 |
| 2004 | 4 | 2 | 50,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 2 | 50,0 |

## Patreksfjörður

| | Alls | Niðurfelld mál | | Fallið frá saksókn | | Ákærufrestun | | Ákærur | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| 2001 | 62 | 16 | 25,8 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 46 | 74,2 |
| 2002 | 28 | 4 | 14,3 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 24 | 85,7 |
| 2003 | 29 | 4 | 13,8 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 25 | 86,2 |
| 2004 | 21 | 11 | 52,4 | 2 | 9,5 | 0 | 0,0 | 8 | 38,1 |

## Bolungarvík

| | Alls | Niðurfelld mál | | Fallið frá saksókn | | Ákærufrestun | | Ákærur | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| 2001 | 10 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 10 | 100,0 |
| 2002 | 13 | 3 | 23,1 | 0 | 0,0 | 2 | 15,4 | 8 | 61,5 |
| 2003 | 34 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 1 | 2,9 | 33 | 97,1 |
| 2004 | 8 | 1 | 12,5 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 7 | 87,5 |

## Ísafjörður

| Ár | Alls Fjöldi | Niðurfelld mál Fjöldi | % | Fallið frá saksókn Fjöldi | % | Ákærufrestun Fjöldi | % | Ákærur Fjöldi | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2001 | 204 | 89 | 43,6 | 2 | 1,0 | 2 | 1,0 | 111 | 54,4 |
| 2002 | 188 | 51 | 27,1 | 14 | 7,4 | 0 | 0,0 | 123 | 64,5 |
| 2003 | 87 | 30 | 34,5 | 3 | 3,4 | 1 | 1,1 | 53 | 60,9 |
| 2004 | 153 | 40 | 26,1 | 5 | 3,3 | 0 | 0,0 | 108 | 70,6 |

## Hólmavík

| Ár | Alls Fjöldi | Niðurfelld mál Fjöldi | % | Fallið frá saksókn Fjöldi | % | Ákærufrestun Fjöldi | % | Ákærur Fjöldi | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2001 | 2 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 2 | 100,0 |
| 2002 | 13 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 13 | 100,0 |
| 2003 | 39 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 39 | 100,0 |
| 2004 | 60 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 60 | 100,0 |

## Blönduós

| Ár | Alls Fjöldi | Niðurfelld mál Fjöldi | % | Fallið frá saksókn Fjöldi | % | Ákærufrestun Fjöldi | % | Ákærur Fjöldi | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2001 | 200 | 86 | 43,0 | 4 | 2,0 | 0 | 0,0 | 110 | 55,0 |
| 2002 | 131 | 35 | 26,7 | 4 | 3,1 | 6 | 4,6 | 86 | 65,6 |
| 2003 | 88 | 4 | 4,5 | 0 | 0,0 | 1 | 1,1 | 83 | 94,3 |
| 2004 | 75 | 23 | 30,7 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 52 | 69,3 |

## Sauðárkrókur

| Ár | Alls Fjöldi | Niðurfelld mál Fjöldi | % | Fallið frá saksókn Fjöldi | % | Ákærufrestun Fjöldi | % | Ákærur Fjöldi | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2001 | 29 | 1 | 3,4 | 0 | 0,0 | 1 | 3,4 | 27 | 93,1 |
| 2002 | 147 | 43 | 29,3 | 6 | 4,1 | 7 | 4,8 | 91 | 61,9 |
| 2003 | 115 | 46 | 40,0 | 1 | 0,9 | 1 | 0,9 | 67 | 58,3 |
| 2004 | 70 | 31 | 44,3 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 39 | 55,7 |

## Siglufjörður

| Ár | Alls Fjöldi | Niðurfelld mál Fjöldi | % | Fallið frá saksókn Fjöldi | % | Ákærufrestun Fjöldi | % | Ákærur Fjöldi | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2001 | 24 | 4 | 16,7 | 5 | 20,8 | 7 | 29,2 | 8 | 33,3 |
| 2002 | 26 | 8 | 30,8 | 0 | 0,0 | 2 | 7,7 | 16 | 61,5 |
| 2003 | 25 | 10 | 40,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 15 | 60,0 |
| 2004 | 18 | 3 | 16,7 | 2 | 11,1 | 0 | 0,0 | 13 | 72,2 |

## Ólafsfjörður

| | Alls | Niðurfelld mál | | Fallið frá saksókn | | Ákærufrestun | | Ákærur | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| 2001 | 37 | 2 | 5,4 | 0 | 0,0 | 1 | 2,7 | 34 | 91,9 |
| 2002 | 35 | 10 | 28,6 | 1 | 2,9 | 3 | 8,6 | 21 | 60,0 |
| 2003 | 29 | 5 | 17,2 | 2 | 6,9 | 0 | 0,0 | 22 | 75,9 |
| 2004 | 26 | 3 | 11,5 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 23 | 88,5 |

## Akureyri

| | Alls | Niðurfelld mál | | Fallið frá saksókn | | Ákærufrestun | | Ákærur | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| 2001 | 480 | 53 | 11,0 | 7 | 1,5 | 3 | 0,6 | 417 | 86,9 |
| 2002 | 622 | 30 | 4,8 | 17 | 2,7 | 0 | 0,0 | 575 | 92,4 |
| 2003 | 625 | 84 | 13,4 | 5 | 0,8 | 1 | 0,2 | 535 | 85,6 |
| 2004 | 666 | 31 | 4,7 | 4 | 0,6 | 3 | 0,5 | 628 | 94,3 |

## Húsavík

| | Alls | Niðurfelld mál | | Fallið frá saksókn | | Ákærufrestun | | Ákærur | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| 2001 | 33 | 4 | 12,1 | 3 | 9,1 | 3 | 9,1 | 23 | 69,7 |
| 2002 | 98 | 18 | 18,4 | 9 | 9,2 | 3 | 3,1 | 68 | 69,4 |
| 2003 | 92 | 5 | 5,4 | 5 | 5,4 | 3 | 3,1 | 82 | 89,1 |
| 2004 | 78 | 13 | 16,7 | 2 | 2,6 | 0 | 0,0 | 63 | 80,8 |

## Seyðisfjörður

| | Alls | Niðurfelld mál | | Fallið frá saksókn | | Ákærufrestun | | Ákærur | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| 2001 | 76 | 18 | 23,7 | 16 | 21,1 | 9 | 11,8 | 33 | 43,4 |
| 2002 | 80 | 7 | 8,8 | 5 | 6,3 | 7 | 8,8 | 61 | 76,3 |
| 2003 | 65 | 8 | 12,3 | 8 | 12,3 | 7 | 11 | 42 | 64,6 |
| 2004 | 89 | 24 | 27,0 | 2 | 2,2 | 3 | 3,4 | 60 | 67,4 |

## Eskifjörður

| | Alls | Niðurfelld mál | | Fallið frá saksókn | | Ákærufrestun | | Ákærur | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| 2001 | 90 | 4 | 4,4 | 3 | 3,3 | 0 | 0,0 | 83 | 92,2 |
| 2002 | 96 | 9 | 9,4 | 8 | 8,3 | 0 | 0,0 | 79 | 82,3 |
| 2003 | 76 | 3 | 3,9 | 0 | 0,0 | 5 | 6,6 | 68 | 89,5 |
| 2004 | 67 | 4 | 6,0 | 1 | 1,5 | 0 | 0,0 | 62 | 92,5 |

## Höfn

| Ár | Alls Fjöldi | Niðurfelld mál Fjöldi | % | Fallið frá saksókn Fjöldi | % | Ákærufrestun Fjöldi | % | Ákærur Fjöldi | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2001 | 52 | 0 | 0,0 | 9 | 17,3 | 0 | 0,0 | 43 | 82,7 |
| 2002 | 28 | 3 | 10,7 | 2 | 7,1 | 0 | 0,0 | 23 | 82,1 |
| 2003 | 16 | 0 | 0,0 | 4 | 25,0 | 0 | 0,0 | 12 | 75,0 |
| 2004 | 17 | 1 | 5,9 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 16 | 94,1 |

## Vík

| Ár | Alls Fjöldi | Niðurfelld mál Fjöldi | % | Fallið frá saksókn Fjöldi | % | Ákærufrestun Fjöldi | % | Ákærur Fjöldi | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2001 | 8 | 1 | 12,5 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 7 | 87,5 |
| 2002 | 20 | 14 | 70,0 | 1 | 5,0 | 0 | 0,0 | 5 | 25,0 |
| 2003 | 3 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 3 | 100,0 |
| 2004 | 10 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 10 | 100,0 |

## Hvolsvöllur

| Ár | Alls Fjöldi | Niðurfelld mál Fjöldi | % | Fallið frá saksókn Fjöldi | % | Ákærufrestun Fjöldi | % | Ákærur Fjöldi | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2001 | 31 | 9 | 29,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 22 | 71,0 |
| 2002 | 63 | 35 | 55,6 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 28 | 44,4 |
| 2003 | 80 | 37 | 46,3 | 2 | 2,5 | 0 | 0,0 | 41 | 51,3 |
| 2004 | 51 | 7 | 13,7 | 1 | 2,0 | 0 | 0,0 | 43 | 84,3 |

## Vestmannaeyjar

| Ár | Alls Fjöldi | Niðurfelld mál Fjöldi | % | Fallið frá saksókn Fjöldi | % | Ákærufrestun Fjöldi | % | Ákærur Fjöldi | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2001 | 155 | 97 | 62,6 | 10 | 6,5 | 0 | 0,0 | 48 | 31,0 |
| 2002 | 49 | 14 | 28,6 | 1 | 2,0 | 0 | 0,0 | 34 | 69,4 |
| 2003 | 68 | 10 | 14,7 | 1 | 1,5 | 8 | 11,8 | 49 | 72,1 |
| 2004 | 140 | 46 | 32,9 | 15 | 10,7 | 0 | 0,0 | 79 | 56,4 |

## Selfoss

| Ár | Alls Fjöldi | Niðurfelld mál Fjöldi | % | Fallið frá saksókn Fjöldi | % | Ákærufrestun Fjöldi | % | Ákærur Fjöldi | % |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2001 | 204 | 2 | 1,0 | 1 | 0,5 | 1 | 0,5 | 200 | 98,0 |
| 2002 | 342 | 86 | 25,1 | 5 | 1,5 | 1 | 0,3 | 250 | 73,1 |
| 2003 | 381 | 81 | 21,3 | 9 | 2,4 | 2 | 0,5 | 289 | 75,9 |
| 2004 | 562 | 177 | 31,5 | 5 | 0,9 | 0 | 0,0 | 380 | 67,6 |

## Keflavík

| | Alls | Niðurfelld mál | | Fallið frá saksókn | | Ákærufrestun | | Ákærur | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| 2001 | 314 | 101 | 32,2 | 71 | 22,6 | 1 | 0,3 | 141 | 44,9 |
| 2002 | 431 | 107 | 24,8 | 67 | 15,5 | 7 | 1,6 | 250 | 58,0 |
| 2003 | 201 | 59 | 29,4 | 7 | 3,5 | 3 | 1,5 | 132 | 64,7 |
| 2004 | 407 | 108 | 26,5 | 18 | 4,4 | 6 | 1,5 | 275 | 67,6 |

## Keflavíkurflugvöllur

| | Alls | Niðurfelld mál | | Fallið frá saksókn | | Ákærufrestun | | Ákærur | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| 2001 | 1 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 1 | 100,0 |
| 2002 | 12 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 12 | 100,0 |
| 2003 | 14 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 14 | 100,0 |
| 2004 | 66 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 0 | 0,0 | 66 | 100,0 |

## Hafnarfjörður

| | Alls | Niðurfelld mál | | Fallið frá saksókn | | Ákærufrestun | | Ákærur | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| 2001 | 410 | 91 | 22,2 | 36 | 8,8 | 9 | 2,2 | 274 | 66,8 |
| 2002 | 432 | 121 | 28,0 | 24 | 5,6 | 1 | 0,2 | 286 | 66,2 |
| 2003 | 690 | 164 | 23,8 | 23 | 3,3 | 3 | 0,4 | 500 | 72,5 |
| 2004 | 532 | 137 | 25,8 | 23 | 4,3 | 1 | 0,2 | 371 | 69,7 |

## Kópavogur

| | Alls | Niðurfelld mál | | Fallið frá saksókn | | Ákærufrestun | | Ákærur | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % |
| 2001 | 679 | 261 | 38,4 | 68 | 10,0 | 35 | 5,2 | 315 | 46,4 |
| 2002 | 1019 | 390 | 38,3 | 208 | 20,4 | 31 | 3,0 | 390 | 38,3 |
| 2003 | 896 | 317 | 35,4 | 182 | 20,3 | 23 | 2,6 | 374 | 41,7 |
| 2004 | 723 | 184 | 25,4 | 182 | 25,2 | 2 | 0,3 | 355 | 49,1 |

## 2.2. Ákærðir

Alls sættu 2519 ákæru á árinu. Eftirfarandi er skipting ákærðra eftir kyni, aldri og ríkisfangi.

**Ríkisfang**

| | Fjöldi | % |
|---|---|---|
| Ísland | 2401 | 95,32 |
| Pólland | 16 | 0,64 |
| Danmörk | 10 | 0,40 |
| Litháen | 10 | 0,40 |
| Bandaríkin | 8 | 0,32 |
| Bretland | 6 | 0,24 |
| Marokkó | 5 | 0,20 |
| Portúgal | 5 | 0,20 |
| Taíland | 5 | 0,20 |
| Júgóslavía | 4 | 0,16 |
| Rússland | 4 | 0,16 |
| Albanía | 3 | 0,12 |
| Kína | 3 | 0,12 |
| Víetnam | 3 | 0,12 |
| Þýskaland | 3 | 0,12 |
| Angóla | 2 | 0,08 |
| Belgía | 2 | 0,08 |
| Chile | 2 | 0,08 |
| Eistland | 2 | 0,08 |
| Grænhöfðaeyjar | 2 | 0,08 |
| Ísrael | 2 | 0,08 |
| Afríka ótilgreint | 1 | 0,04 |
| Filippseyjar | 1 | 0,04 |
| Georgía | 1 | 0,04 |
| Gínea | 1 | 0,04 |
| Holland | 1 | 0,04 |
| Hvíta-Rússland | 1 | 0,04 |
| Kenía | 1 | 0,04 |
| Kongó | 1 | 0,04 |
| Króatía | 1 | 0,04 |
| Lettland | 1 | 0,04 |
| Nepal | 1 | 0,04 |
| Níger | 1 | 0,04 |
| Noregur | 1 | 0,04 |
| Rúmenía | 1 | 0,04 |
| Saír | 1 | 0,04 |
| Síerra Leóne | 1 | 0,04 |
| Spánn | 1 | 0,04 |
| Srí-Lanka | 1 | 0,04 |
| Svíþjóð | 1 | 0,04 |
| Úganda | 1 | 0,04 |
| Úkraína | 1 | 0,04 |
| Alls | 2519 | 100% |

**Aldur**

| | Fjöldi | % |
|---|---|---|
| 15-19 ára | 166 | 6,6 |
| 20-24 ára | 622 | 24,7 |
| 25-29 ára | 414 | 16,4 |
| 30-34 ára | 301 | 11,9 |
| 35-39 ára | 253 | 10,0 |
| 40-44 ára | 236 | 9,4 |
| 45-49 ára | 193 | 7,7 |
| 50-54 ára | 143 | 5,7 |
| 55-59 ára | 84 | 3,3 |
| 60-69 ára | 75 | 3,0 |
| 70 ára og eldri | 32 | 1,3 |
| Alls | 2519 | 100,0 |

**Kyn**

| | Fjöldi | % |
|---|---|---|
| Karl | 2146 | 85,2 |
| Kona | 373 | 14,8 |
| Alls | 2519 | 100,0 |

**Aldur eftir kyni**

| | Meðal aldur | Staðal frávik | Mið-gildi | Lægsta gildi | Hæsta gildi |
|---|---|---|---|---|---|
| Karl | 33,5 | 12,7 | 30 | 16 | 82 |
| Kona | 35,1 | 13,7 | 33 | 17 | 83 |
| Alls | 33,8 | 12,8 | 31 | 16 | 83 |

Hér að ofan er að finna yfirlit yfir ríkisfang þeirra sem sættu ákæru á árinu. Einstaklingar eru ekki tvítaldir þótt þeir komi fyrir í fleiri en einu málsnúmeri.

## 2.3. Einstakir brotaflokkar

Hér að neðan er að finna yfirlit yfir afdrif mála er varða manndráp, stórfelldar líkamsmeiðingar, stórfelld fíkniefnalagabrot og kynferðisbrot, sem bárust ríkissaksóknara árið 2004, borið saman við fimm næstu ár á undan. Það athugist að eitt mál kann að varða fleiri brot en eitt. Sömuleiðis kann ákæra að varða fleiri brot en eitt.

### Manndráp (211. gr. hgl.)

| | Alls | Niðurfellt | Ákært | Sýknað í héraðsdómi | Sakfellt í héraðsdómi | Áfrýjað | Sýknað í Hæstarétti | Sakfellt í Hæstarétti | Ódæmt í Hæstarétti |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi |
| 1999 | 1 | 0 | 1 | 0 | 1 | 1 | 0 | 1 | 0 |
| 2000 | 7 | 0 | 7 | 1 | 6 | 3 | 0 | 3 | 0 |
| 2001 | 2 | 0 | 2 | 0 | 2 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 2002 | 5 | 0 | 5 | 2 | 3 | 1 | 0 | 1 | 0 |
| 2003 | 2 | 0 | 2 | 0 | 2 | 1 | 0 | 1 | 0 |
| 2004 | 4 | 0 | 4 | 2 | 4 | 4 | 0 | 1 | 2 |
| Alls | 21 | 0 | 21 | 4 | 18 | 10 | 0 | 7 | 2 |

Ríkissaksóknara bárust 4 manndrápsmál á árinu 2004. Í tveimur tilvikum var um að ræða fullframin brot og tveimur tilvikum tilraunabrot. Sakfellt var í tveimur málum í héraðsdómi en sýknað í tveimur málum þar af í einu vegna ósakhæfis og ákærða dæmd til að sæta ótímabundinni öryggisgæslu. Öllum málunum var áfrýjað til Hæstaréttar. Þar var sakfellt í einu þeirra en tvö eru enn ódæmd og fallið var frá áfrýjun í einu máli.

### Líkamsárás (2. mgr. 218. gr. hgl.)

| | Alls | Niðurfellt | Ákært | Sýknað í héraðsdómi | Sakfellt í héraðsdómi | Áfrýjað | Sýknað í Hæstarétti | Sakfellt í Hæstarétti | Ódæmt í Hæstarétti |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi |
| 1999 | 4 | 0 | 4 | 1 | 3 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 2000 | 15 | 0 | 15 | 2 | 13 | 2 | 1 | 1 | 0 |
| 2001 | 23 | 2 | 21 | 8 | 13 | 4 | 1 | 3 | 0 |
| 2002 | 32 | 2 | 30 | 5 | 25 | 3 | 1 | 2 | 0 |
| 2003 | 33 | 1 | 32 | 5 | 27 | 5 | 1 | 4 | 0 |
| 2004 | 29 | 3 | 26 | 2 | 22 | 6 | 0 | 6 | 0 |
| Alls | 136 | 8 | 128 | 23 | 103 | 20 | 4 | 16 | 0 |

Á árinu bárust ríkissaksóknara 29 mál er vörðuðu alvarlegar líkamsmeiðingar. Ákært var í 26 málum en þrjú mál voru felld niður. Af þeim málum sem ákært var í var sakfellt í 22 málum en í einu þeirra var brot heimfært undir 217. gr. hgl., sýknað í tveimur og tvö mál eru enn ódæmd.

## Fíkniefnabrot (173. gr.a. hgl.)

| | Alls | Niðurfellt | Ákært | Sýknað í héraðsdómi | Sakfellt í héraðsdómi | Áfrýjað | Sýknað í Hæstarétti | Sakfellt í Hæstarétti | Ódæmt í Hæstarétti |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi |
| 1999 | 1 | 0 | 1 | 0 | 1 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 2000 | 6 | 0 | 6 | 0 | 6 | 4 | 0 | 4 | 0 |
| 2001 | 10 | 0 | 10 | 0 | 10 | 3 | 0 | 3 | 0 |
| 2002 | 4 | 0 | 4 | 0 | 4 | 1 | 0 | 1 | 0 |
| 2003 | 5 | 0 | 5 | 0 | 5 | 3 | 0 | 3 | 0 |
| 2004 | 9 | 1 | 8 | 0 | 6 | 3 | 0 | 1 | 1 |
| Alls | 26 | 1 | 34 | 0 | 32 | 14 | 0 | 12 | 10 |

Níu mál er vörðuðu stórfelld fíkniefnalagabrot bárust ríkissaksóknara á árinu 2004. Ákært var í 8 þeirra. Af þeim sem ákært var í var sakfellt í 6 málum en tvö eru ódæmd í héraðsdómi. Af þeim sex málum sem sakfellt var í var þremur áfrýjað til Hæstaréttar. Ein áfrýjun var afturkölluð, og eitt mál er ódæmt í Hæstarétti. Þriðja málinu var einungis áfrýjað til upptöku fjármuna.

## Kynferðisbrot (194.-198. gr. hgl.)

| | Alls | Niðurfellt | Ákært | Sýknað í héraðsdómi | Sakfellt í héraðsdómi | Áfrýjað | Sýknað í Hæstarétti | Sakfellt í Hæstarétti | Ódæmt í Hæstarétti |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi |
| 1999 | 26 | 19 | 7 | 3 | 4 | 2 | 0 | 2 | 0 |
| 2000 | 39 | 27 | 12 | 4 | 8 | 3 | 0 | 3 | 0 |
| 2001 | 29 | 18 | 11 | 5 | 6 | 6 | 1 | 5 | 0 |
| 2002 | 58 | 37 | 21 | 5 | 14 | 9 | 2 | 7 | 0 |
| 2003 | 65 | 49 | 16 | 11 | 5 | 4 | 1 | 3 | 0 |
| 2004 | 43 | 32 | 10 | 3 | 4 | 2 | 0 | 1 | 1 |
| Alls | 260 | 182 | 77 | 31 | 41 | 26 | 4 | 21 | 1 |

Málum er varða kynferðisbrot, einkum nauðgunarmálum, fjölgaði mjög árin 2002 og 2003 en fækkaði á árinu 2004. Árið 2004 bárust ríkissaksóknara 43 mál í þessum brotaflokki, þar af leiddu 10 mál til ákæru eða innan við fjórðungur málanna. Einu máli var vísað aftur til lögreglu til frekari rannsóknar. Af þeim 10 málum sem ákært var í var sakfellt í fjórum málum en sýknað í þremur. Þremur málum er enn ólokið í héraðsdómi.
Hlutfalla niðurfelldra mála og sýknudóma er hátt í þessum málaflokki.

## Kynferðisbrot (200.-202. gr. hgl.)

| | Alls | Niðurfellt | Ákært | Sýknað í héraðsdómi | Sakfellt í héraðsdómi | Áfrýjað | Sýknað í Hæstarétti | Sakfellt í Hæstarétti | Ódæmt í Hæstarétti |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi |
| 1999 | 30 | 15 | 15 | 1 | 14 | 4 | 0 | 4 | 0 |
| 2000 | 24 | 12 | 12 | 2 | 10 | 3 | 1 | 2 | 0 |
| 2001 | 49 | 21 | 28 | 11 | 17 | 14 | 1 | 13 | 0 |
| 2002 | 34 | 21 | 13 | 3 | 10 | 7 | 0 | 7 | 0 |
| 2003 | 60 | 33 | 27 | 6 | 21 | 12 | 2 | 10 | 0 |
| 2004 | 58 | 28 | 29 | 8 | 21 | 8 | 1 | 3 | 3 |
| Alls | 255 | 130 | 124 | 31 | 93 | 46 | 5 | 39 | 3 |

Mál er varða kynferðisbrot gegn börnum voru álíka mörg árin 2003 og 2004. Alls bárust ríkissaksóknara 58 mál í þessum brotaflokki árið 2004 en árið á undan voru þau 60. Ákært var í helmingi þeirra mála er bárust á árinu eða í 29 málum og einu máli var lokið með skilorðsbundinni ákærufrestun. Einu máli var vísað frá Hæstarétti.
Málum sem bárust ríkissaksóknara vegna brota gegn 194.-202. gr. hgl. hefur því fækkað lítillega frá því árið 2003, en þá voru þau 125 en 101 árið 2004.

## Kynferðisbrot (209. gr. hgl.)

| | Alls | Niðurfellt | Ákært | Sýknað í héraðsdómi | Sakfellt í héraðsdómi | Áfrýjað | Sýknað í Hæstarétti | Sakfellt í Hæstarétti | Ódæmt í Hæstarétti |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi |
| 1999 | 14 | 5 | 6 | 1 | 5 | 1 | 0 | 1 | 0 |
| 2000 | 13 | 5 | 7 | 0 | 7 | 1 | 0 | 1 | 0 |
| 2001 | 13 | 7 | 6 | 0 | 6 | 3 | 2 | 1 | 0 |
| 2002 | 26 | 13 | 13 | 2 | 9 | 3 | 1 | 2 | 0 |
| 2003 | 18 | 8 | 8 | 1 | 7 | 2 | 0 | 2 | 0 |
| 2004 | 21 | 9 | 11 | 2 | 9 | 3 | 0 | 2 | 1 |
| Alls | 105 | 47 | 51 | 6 | 43 | 13 | 3 | 9 | 1 |

Málum sem varða brot gegn 209. gr. hgl., svokölluð brot gegn blygðunarsemi, hefur fjölgað nokkuð síðan árið 2001. Hér er bæði um að ræða brot sem beinast gegn börnum og fullorðnum. Alls bárust ríkissaksóknara 21 mál í þessum brotaflokki á árinu. Ákært var í rúmlega helmingi þeirra eða 11 málum, einu máli var lokið með vísan til 76. gr. laga um meðferð opinberra mála, en 9 mál voru felld niður með vísan til 112. gr. sömu laga.

## Kynferðisbrot (210. gr. hgl.)

| | Alls | Niðurfellt | Ákært | Sýknað í héraðsdómi | Sakfellt í héraðsdómi | Áfrýjað | Sýknað í Hæstarétti | Sakfellt í Hæstarétti | Ódæmt í Hæstarétti |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Ár | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi | Fjöldi |
| 1999 | 7 | 3 | 4 | 0 | 4 | 1 | 0 | 1 | 0 |
| 2000 | 7 | 1 | 6 | 0 | 6 | 1 | 0 | 1 | 0 |
| 2001 | 6 | 1 | 5 | 0 | 3 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 2002 | 9 | 2 | 7 | 0 | 6 | 2 | 0 | 1 | 0 |
| 2003 | 16 | 3 | 13 | 1 | 12 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| 2004 | 6 | 1 | 5 | 0 | 4 | 0 | 0 | 0 | 0 |
| Alls | 51 | 11 | 40 | 1 | 35 | 4 | 0 | 3 | 0 |

Brot gegn 210. gr. varða dreifingu klámefnis og vörslur barnakláms. Ríkissaksóknara bárust 6 mál í þessum málaflokki á árinu 2004 og var ákært í 5 þeirra. Sakfellt var í fjórum af þeim málum sem ákært var í en ein ákæra var afturkölluð.

## 2.4. Fallið frá saksókn

Árið 2004 féll ríkissaksóknari frá saksókn í þremur málum, í tveimur tilvikum með vísan til f-liðar 2. mgr. 113. gr. laga um meðferð opinberra mála, og í þriðja tilvikinu með vísan til b- og f liðar sama ákvæðis.
Í einu málinu var um að ræða 17 ára einstakling sem var talinn hafa brotið gegn 149. gr. almennra hegningarlaga með röngum uppljóstri þegar hann tilkynnti lögreglu að ekið hefði verið á bifreið hans en síðar kom í ljós að hann hafði sjálfur valdið tjóni á bifreiðinni þegar hann missti stjórn á henni og ók henni á hús.
Í öðru málinu var um að ræða kæru fyrir brot gegn 117. gr. almennra hegningarlaga. Kærði var á ferðinni á öldurhúsum borgarinnar íklæddur "flís" lögreglupeysu og var lögreglu tilkynnt um ferðir hans. Hann viðurkenndi brot sitt og kvaðst hafa fengið peysuna í samkvæmi sem hann fór í fyrr um kvöldið og hafa ætlað sér að skila henni til lögreglu.
Í þriðja málinu var um að ræða kynferðisbrot sem talið var varða við 209. gr. almennra hegningarlaga. Kærði var talinn hafa girt niður um sig buxurnar og sýnt 6 ára gömlum dreng kynfæri sín auk þess sem hann fékk drenginn til að gera það sama. Í málinu lá fyrir vottorð geðlæknis um að kærði væri verulega þroskaheftur og var málið fellt niður með vísan til b- og f-liðar 2. mgr. 113. gr. almennra hegningarlaga.

## 2.5. Sektarboð og sektargerðir

Útsend sektarboð lögreglustjóra vegna umferðarlagabrota voru í árslok skráð 35.719. Þar af höfðu 29.388 (82,3%) verið greidd á árinu, 4.201 (11,8%) voru til dómsmeðferðar. Sektað var fyrir alls 38.812 brot, í flestum tilvikum fyrir of hraðan akstur eða 20.519 brot.
Sektargerðir lögreglustjóra voru í árslok 2.949. Þar af höfðu 1.637 (55,5%) verið greiddar á árinu, en 145 (4,9%) gengið til dóms. Langflest málin vörðuðu umferðarlagabrot, eða 2.137, þar af vörðuðu 706 mál ölvunarakstursbrot, þar af eitt mál þar sem kært var fyrir ölvun við akstur reiðhjóls, og í 224 máli hafði ökumaður reynst sviptur ökurétti. Þá hafði 486 minni háttar brotum á lögum um ávana- og fíkniefni verið lokið með sektargerðum lögreglustjóra og 60 þjófnaðarmálum.
Það athugist að hvert sektarboð og hver sektargerð getur varðað fleiri en eitt brot.

## 2.6. Tímalengd gæsluvarðhalds

**Gæsluvarðhaldsúrskurðir uppkveðnir á árinu 2004 og fyrirkomulag gæsluvarðhaldsvistar.**

| | |
|---|---|
| Fjöldi úrskurða | 116 |
| Fjöldi einstaklinga | 112 |
| Dagar úrskurðaðir | 7190 |
| Dagar í gæslu | 6002 |

**Fyrirkomulag, sbr. 1. mgr. 108. gr. laga nr. 19/1991:**

| | Dagur | Meðal dagafjöldi | Lágmark | Hámark |
|---|---|---|---|---|
| Án skilyrða skv. 1. mgr. 108. gr. *) | 4926 | 76,97 | 2 | 270 |
| b-liður 1. mgr. 108. gr. | 4 | 4,00 | 4 | 4 |
| bcd-liðir 1. mgr. 108. gr. | 236 | 10,26 | 2 | 28 |
| bcde-liðir 1. mgr. 108. gr. **) | 675 | 9,51 | 1 | 36 |
| bce-liðir 1.mgr. 108. gr. | 9 | 4,50 | 2 | 7 |
| c-liður 1. mgr. 108. gr. | 17 | 8,50 | 7 | 10 |
| cd-liðir 1. mgr. 108. gr. | 32 | 10,67 | 5 | 20 |
| d-liður 1. mgr. 108. gr. | 103 | 51,50 | 29 | 74 |
| Samtals | 6002 | | | |

*) Ekki um einangrun að ræða
**) Um algjöra einangrun er að ræða þegar beitt er b, c, d, og e-liðum saman, en einangrun að vissu marki þegar beitt er þremur eða færri liðum.

## 2.7. Kærðar ákvarðanir lögreglustjóra

Alls sættu 42 mál kæru til ríkissaksóknara þar sem lögreglustjóri hafði ákveðið, að rannsókn lokinni, að höfða ekki mál með vísan til 112. gr. laga um meðferð opinberra mála, þ.e. það sem fram kom við rannsóknina þótti ekki nægilegt eða líklegt til sakfellis. Árið 2001 bárust 53 slíkar kærur og 50 árið 2001. Engar kærur bárust á árunum 2001-2003 vegna ákvarðana lögreglustjóra um að falla frá saksókn skv. 113. gr. laga um meðferð opinberra mála. Kæruheimildina er að finna í 1. mgr. 114. gr. laga um meðferð opinberra mál.

**Kærur á grundvelli 1. mgr. 114. gr. oml.**

| Kærur | Ákvörðun felld úr gildi | Ákvörðun staðfest |
|---|---|---|
| 42 | 13 | 29 |

| Brotaflokkur | Fjöldi |
|---|---|
| Auðgunarbrot og önnur brot er varða fjárréttindi | 4 |
| Skjalafals | 1 |
| Líkamsárásir | 24 |
| Húsbrot | 2 |
| Ærumeiðingar | 1 |
| Þjónaður | 3 |
| Eignaspjöll | 5 |
| Sérrefsilagabrot | 2 |
| Samtals | 42 |

Ríkissaksóknara bárust 53 kærumál vegna ákvarðana lögreglustjóra um að vísa kæru frá án rannsóknar eða hætta rannsókn, sbr. 1. mgr. 76. gr. laga um meðferð opinberra mála. Árið 2001 bárust 43 slíkar kærur og 22 árið 2001. Kæruheimildina er að finna í ákvæðinu, þ.e. 1. mgr. 76. gr.

**Kærur á grundvelli 76.gr. oml.**

| Kærur | Ákvörðun felld úr gildi | Ákvörðun staðfest |
|---|---|---|
| 53 | 13 | 40 |

| Brotaflokkur | Fjöldi |
|---|---|
| Auðgunarbrot og önnur brot er varða fjárréttindi | 19 |
| Opinber starfsmaður, brot í opinberu starfi | 3 |
| Rangar sakargiftir | 4 |
| Kynferðisbrot | 1 |
| Líkamsárásir | 2 |
| Húsbrot | 2 |
| Ærumeiðingar | 1 |
| Hótanir | 3 |
| Þjófnaðir | 2 |
| Eignaspjöll | 4 |
| Sérrefsilagabrot | 12 |
| Samtals | 53 |

## 2.8. Kærur samkvæmt 35. gr. lögreglulaga

Ríkissaksóknara bárust 27 kærumál á hendur starfsmönnum lögreglu fyrir ætluð refsiverð brot við framkvæmd starfa þeirra. Flest kærumálin, eða 16, tengdust handtökum kærenda þannig að kærðar voru ólögmætar handtökur og/eða harðræði/líkamsárás í tengslum við handtökur og vistun í fangaklefa.
Í einu tilviki lést maður þegar lögregla var að handtaka hann. Dánarorsök var illvíg hjartsláttartruflun sem leiddi til skyndidauða og varð andlát mannsins ekki rakið til aðgerða lögreglu. Í þremur málum var kæruefnið líkamsárásir/harðræði lögreglumanna sem ekki tengdust handtökum. Í einu málanna var kærð meint ólögmæt líkamsleit að fíkniefnum á Litla-Hrauni. Tvær kærur bárust þar sem lögreglumenn voru taldir hafa gerst sekir um hraðakstur í tengslum við afskipti af kærendum og tvær kærur bárust frá einum aðila þar sem hann krafðist opinberrar rannsóknar á málsmeðferð starfsmanna við embætti ríkislögreglustjóra vegna rannsóknar á hendur kæranda ofl. fyrir meint skilasvik.

Rannsókn í þremur málum leiddi til ákæru. Lögreglufulltrúi við fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík var ákærður fyrir fjárdrátt og brot í opinberu starfi með því að hafa dregið sér haldlagt fé að fjárhæð kr. 870.000 sem hann hafði fengið til varðveislu í kjölfar leitar og haldlagningar hjá einum sakborningi. Hann var sakfelldur í héraðsdómi og dæmdur í 9 mánað fangelsi, þar af voru 6 mánuðir skilorðsbundnir. Hæstiréttur sýknaði hins vegar í málinu m.a. með þeim rökum að framburður eins vitnis, sem dómurinn mat stöðugan, hefði ekki sönnunargildi í málinu “...þar sem orð stendur gegn orði.”

Þá var lögreglumaður í almennri deild lögreglunnar í Reykjavík ákærður fyrir umferðarlagabrot og brot í opinberu starfi fyrir þá háttsemi að gæta ekki lögmætra aðferða í lögregluaðgerð, sem beindist gegn of hröðum akstri ökumanns bifhjóls, er hann stýrði lögreglubifreið inn á miðju akbrautar til þess að reyna að stöðva eða hindra akstur bifhjólsins, með þeim afleiðingum að bifhjólið hafnaði framan á bifreiðinni, sem þá var að hluta til á röngum vegarhelmingi, og ökumaðurinn kastaðist af því. Ákærði var sakfelldur í héraðsdómi og dæmdur til greiðslu sektar að fjárhæð kr. 150.000. Málinu hefur verið áfrýjað til hæstaréttar.

Loks var þáverandi aðstoðaryfirlögregluþjónn við embætti ríkislögreglustjóra ákærður fyrir fjárdrátt og brot í opinberu starfi með því að draga sér notaðar lögreglubifreiðar og með því að misnota aðstöðu sína er hann notaði heimildarlaust í eigin þágu bifreiðar í eigu embættis ríkislögreglustjóra. Ákærði var sakfelldur í héraðsdómi og dæmdur í 6 mánaða skilorðsbundið fangelsi. Málinu var ekki áfrýjað.
Rannsókn 9 mála var hætt samkvæmt 1. mgr. 76. gr. laga um meðferð opinberra mála, kærum var vísað frá í 3 málum á grundvelli sömu greinar og 11 mál voru felld niður að rannsókn lokinni með vísan til 112. gr. sömu laga. Einu kærumáli er ólokið.

**Kæra á 35. gr. lögreglul.**

| Ár | Kærur alls | Niðurfelling | Rannsókn hætt | Kæru vísað frá | Dómur |
|---|---|---|---|---|---|
| 2001 | 18 | 9 | 9 | 0 | 0 |
| 2002 | 31 | 10 | 12 | 8 | 1 |
| 2003 | 19 | 7 | 10 | 0 | 2 |
| 2004 | 27 | 11 | 9 | 3 | 3 |

## 2.9. Áfrýjunarmál

Áfrýjunarmál á árinu 2004 voru alls 101 en 4 mál voru afturkölluð og því mál alls 97, sem fóru í munnlegan málflutning, sem er umtalsverð fjölgun frá síðasta ári er áfrýjunarmál voru 64. Fjölgun því 51.5 %.
Af áfrýjuðum málum var 18 málum áfrýjað að frumkvæði ákæruvalds, þ.á m. 10 ölvunarakstursmálum til úrlausnar kröfum ákæruvalds um lengdan sviptingartíma ökuréttinda þegar ölvun ökumanns var yfir 1.50%o. Í þeim málum voru héraðsdómar staðfestir í öllum tilvikum óbreyttir. Einnig voru staðfestar niðurstöður í 6 öðrum dómum, sem áfrýjað var að frumkvæði ákæruvalds og niðurstaða í 2 þeirra þyngd.
Í 80 málum sem áfrýjað var að frumkvæði dómfelldra í héraði voru staðfestar niður-stöður héraðsdóma í 70 málum, refsingar þyngdar í 3 málum en mildaðar í öðrum 3, sýknað var í 2 málum, einu máli var heimvísað og öðru vísað frá héraðsdómi.

# 3. kafli

# Dómsmeðferð mála

**Hér gefur að líta annál mála sem ríkissaksóknari flutti fyrir dómi árið 2004, í héraði og fyrir Hæstarétti.**

## 3.1. Manndráp

Dómur féll í einu manndrápsmáli á árinu í Hæstarétti. Staðfest var niðurstaða héraðsdóms um sakfellingu ákærða. Hins vegar var sýknað af refsikröfu vegna sakhæfisskorts, en ákærða gert að sæta öruggi gæslu á viðeigandi stofnun með heimild í 62. gr. alm.hgl.

M. 003-2003-2.
S 37 ára var ákærður fyrir manndráp með því að hafa veist að B 65 ára og stungið hann með hnífi í brjóst, kvið og tvívegis í hægri framhandlegg, með þeim afleiðingum að B lést skömmu síðar. Með dómi Hæstaréttar uppkveðnum 13. maí 2004 í málinu nr. 41/2004 var niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur um sakfellingu ákærða staðfest. Hann var hins vegar sýknaður af refsikröfu þar sem dómari taldi hann ósakhæfan, sbr. 15. gr. laganna en dæmdur til að sæta öryggisgæslu.

Í tveimur málum hafði verið ákært fyrir tilraun til manndráps en ákærðu voru sakfelldir fyrir stórfellda líkamsárás.

M. 003-2003-160.
J bandarískur ríkisborgari, hermaður í varnarliðinu á Keflavíkurflugvelli var ákærður fyrir tilraun til manndráps með því að hafa, einn eða í félagi við aðra veist að E og stungið hann fimm sinnum með hnífi eða hnífum. Með dómi Hæstaréttar uppkveðnum 4. mars 2004 í málinu nr. 423/2003 var niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur um að sakfella ákærða fyrir að hafa stungið E einu sinni en um sýknu af hinum stungunum og heimfærslu brotsins til 2. mgr. 218. gr. alm. hgl. staðfest. Þá var staðfest niðurstaða héraðsdóms um 18 mánaða fangelsisrefsingu ákærða.

M. 003-2004-54.
P 32 ára var ákærður fyrir tilraun til manndráps en til vara fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás með því að hafa stungið T tvívegis með hnífi. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 6. maí 2004 í málinu nr. S-474/2004 var ákærði sýknaður af broti gegn 211. gr. sbr. 20. gr. alm. hgl. en sakfelldur fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. alm.hgl. Dæmdur til að sæta fangelsi í 3 ár (vanaafbrotamaður).

Tvær ákærur voru gefnar út á árinu fyrir manndráp. Höfðað var mál á hendur 43 ára konu fyrir að hafa banað 11 ára dóttur sinni, með því að stinga hana hnífi í brjóstkassa og reynt að bana 14 ára syni sínum með því að stinga hann hnífi í brjóstkassa og bak. Með dómi Héraðsdóms Reykavíkur uppkveðunum í 3. febrúar 2005 var ákærða sakfelld. Hún var hins vegar sýknuð af refsikröfu vegna sakhæfisskorts, en gert að sæta öryggisgæslu. Þá var höfðað mál á hendur 45 ára karlmanni fyrir að hafa veist að fyrrverandi sambýliskonu sinni, slegið hana fjögur högg með kúbeini í höfuð svo að af hlutust lífshættulegir höfuðáverkar, vafið taubelti þrívegis um háls hennar og þrengt að með þeim afleiðingum að hún lést af völdum kyrkingar. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 18. mars 2005 var ákærði sakfelldur og dæmdur til að sæta fangelsi í 16 ár. Dóminum var áfrýjað til Hæstaréttar sem með dómi uppkveðnum hinn 29. september 2005 í málinu nr. 141/2005 staðfesti héraðsdóminn.

Að auki voru gefnar út þrjár ákærur fyrir manndrápstilraunir. Höfðað var mál á hendur 25 ára karlmanni fyrir að hafa á veitingastað í Hafnarfirði, slegið K nokkrum sinnum í höfuðið með öxi, með þeim afleiðingum að hann hlaut tvö skurðsár á enni, tvö brot inn í ennisholu og særðist á innanverðu vinstra læri og marðist á handarbaki. Hann var til viðbótar ákærður fyrir nokkrar líkamsárásir. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum í janúar 2005 var ákærði sakfelldur og dæmdur til að sæta fangelsi í 7 ár og sex mánuði. Dóminum var áfrýjað til Hæstaréttar sem með dómi uppkveðnum 16. júní 2005 í málinu nr. 52/2005 staðfesti héraðsdóminn. Þá var höfðað mál á hendur tæplega fimmtugum karlmanni fyrir að hafa fyrirvaralaust lagt til Á,

með óþekktu eggvopni, þar sem Á sat við opinn glugga í ökumannssæti leigubifreiðar sinnar og beið greiðslu á ökugjaldi frá ákærða sem stóð fyrir utan bifreiðina. Hlaut Á 18 sentimetra langan skurð á hálsi. Með dómi Hérðasdóms Reykjavíkur uppkveðnum í febrúar 2005 var ákærði sýknaður. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar sem með dómi uppkveðnum hinn 6. október 2005 í málinu nr. 130/2005 ómerkti héraðsdóminn og vísaði málinu heim í hérað til aðalmeðferðar og dómsálagningar að nýju. Í þriðja málinu var 33 ára karlmanni gefin að sök tilraun til manndráps en til vara sérstaklega hættuleg líkamsárás, með því að hafa stungið T tvívegis með hnífi, þannig að af hlutust tvö stungusár, annars vegar á vinstri síðu milli 6. og 7. rifbeins og hins vegar vinstra megin ofan við viðbein. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum í maí 2005 var ákærði sýknaður af manndrápstilraun en sakfelldur fyrir líkamsárás. Refsing ákveðin fangelsi í 3 ár.

## 3.2 Líkamsmeiðingar

Ákært var fyrir stórfelldar líkamsmeiðingar, sbr. 2. mgr. 218. gr. alm. hgl., í 27 málum á árinu. Öllum málunum hefur verið lokið með sakfellingardómum.

**Ýmsir héraðsdómar varðandi 2. mgr. 218. gr. alm.hgl.:**

M. 003-2004-4.
S 42 ára var ákærð fyrir að hafa lagt til F með hnífi með þeim afleiðingum að hann fékk sár á handlegg og handarbak. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 22. júní 2004 í málinu nr. S-674/2004 var ákærða sakfelld og dæmd til að sæta 4 mánaða skilorðsbundu fangelsi.

M. 003-2004-158.
S 27 ára var ákærður fyrir að hafa slegið E í andlitið með krepptum hefa þannig að hann féll aftur fyrir sig og lenti á gangstéttarbrún, með þeim afleiðingum að hann hlaut glóðarauga, bólgna vör, skurð á hnakka, ákverka á heila og missti heyrn á vinstra eyra. Með dómi Héraðsdóms Vesturlands uppkveðnum 18. október 2004 í málinu nr. S-267/2004 var ákærði sakfelldur. Refsing ákveðin fangelsi í 7 mánuði, þar af voru 3 skilorðsbundnir.

M. 003-2004-15.
Ó 33 ára var ákærður fyrir tvær líkamsárásir og frelsissviptingu. Annars vegar fyrir að hafa veist að J, sparkað í höfuð hans og slegið hann nokkur hnefahögg í andlit með þeim afleiðingum að hann kinnbeinsbrotnaði, bólgnaði undir auga, tennur gengu niður og hann hlaut tímabundinn doða í efri vör. Hins vegar fyrir að hafa dregið Þ inn í bifreið, með því að toga í hár hans, og ekið með hann nauðugan að götunni Á þar sem ákærði dró hann út úr bifreiðinni og inn í runnagróður við enda götunnar, hrinti Þ til jarðar, sparkaði ítrekað í höfuð hans og líkama og stakk hann með skærum, allt með þeim afleiðingum að Þ hlaut nokkuð stórt og djúpt sár í vinstri lófa og stungusár á vinstri upphandlegg, hruflaðist og bólgnaði á enni og í andliti og marðist ofan og aftan á vinstri öxl. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 8. desember 2004 í málinu nr. S-242/2004 var ákærði sakfelldur samkvæmt ákæru fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. og 1. mgr. 226. gr. alm. hgl. Refsing ákærða ákveðin fangelsi í 15 mánuði.

M. 003-2004-23.
K 19 ára var ákærður fyrir að hafa í átökum við R stungið hann fjórum sinnum með hnífi, svo að af hlutust fjögur 2-8 sentimetra djúp sár, eitt framan á brjóstkassa vinstra megin, annað aftan á vinstri öxl og tvö vinstra megin á baki. Með dómi Héraðsdóms Reykajvíkur uppkveðnum 7. desember 2004 í málinu nr. S-387/2004 var ákærði sakfelldur. Refsing ákærða ákveðin fangelsi í 15 mánuði þar af 13 skilorðsbundnir.

Ennfremur féllu héraðsdómar í mörgum málum þar sem glerflöskur og glerglös voru notuðuð sem vopn í slagsmálum. Refsing í þeim málum var oftast skilorðsbundin a.m.k. að hluta.
**Tvö mál voru til meðferðar í Hæstarétti þar sem sakfellt var fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. hgl.**

M. 003-2003-231.
Með dómi Hæstaréttar uppkveðnum 1. apríl 2004 í málinu nr. 42/2004 var staðfestur dómur Héraðsdóms Reykjaness um sakfellingu og refsingu E sem ákærður var fyrir fyrir líkamsárás á veitingastað í Sandgerði, með því að hafa slegið X í andlitið með bjórglasi sem brotnaði við höggið, með þeim afleiðingum að hann skarst á nefi, hlaut djúpan skurð vinstra megin á efri vör og smáskurð á enni. Refsing ákveðin fangelsi í 6 mánuði þar af 3 skilorðsbundnir.

M. 003-2004-125.
Með dómi Hæstaréttar uppkveðnum 9. desember 2004 í málinu nr. 316/2004 var staðfestur dómur Héraðsdóms Norðurlands eystra um sakfellingu og refsingu T sem ákærður var fyrir líkamsárás með því að hafa á heimili sínu ráðist að X með um 34 cm löngum hnífi og stungið hann í vinstri hönd með þeim afleiðingum að X hlaut 5 cm langan skurð á handarbakshlið, vinstri þumalfingurs um 5 mm djúpan. Refsing ákveðin fangelsi í 2 ára (rauf skilorðsbundna reynslulausn).

Þá voru flutt nokkur mál fyrir Hæstarétti vegna brota gegn 1. mgr. 217. gr. og 1. mgr. 218. gr. hgl. í málum sem lögreglustjórar höfðu ákært í og flutt í héraði.

## 3.3. Ávana- og fíkniefnabrot

Einn dómur gekk í Hæstarétti á árinu vegna stórfelldra brota gegn lögum um ávana- og fíkniefni samkvæmt 173. gr. a. alm. hgl.

M. 003-2003-271
Með dómi Hæstaréttar uppkveðnum hinn 7. október 2004 í málinu nr. 167/2004 var staðfestur dómur Héraðsdóms Reykjavíkur um sakfellingu J og Æ sem voru ásamt tveimur öðrum mönnum ákærðir fyrir innflutning á fíkniefnum. J og Æ sakfelldir fyrir innflutning á 1 kg af amfetamíni og tilraun til innflutnings á 1 kg af sama efni. Þá voru báðir ákærðir fyrir að hafa í félagi flutt til landsins og haft í fórum sínum 1 kg af kannabis, J fyrir að hafa falið fíkniefnin í flutningaskipi á leið til landsins, en Æ fyrir að hafa fjarlægt þau úr skipinu þegar það var komið til Íslands, um leið og hann fjarlægði pakka sem hann taldi vera amfetamín. Í dómi Hæstaréttar var fallist á að hvorki væri sannað að Æ hefði tekið þátt í ráðagerðum um innflutning kannabisefnanna né vitað að til stæði að flytja þau inn til landsins og hann hefði því ekki tekið þátt í innflutningnum. Var hann því, eins og ákæru var háttað, sakfelldur fyrir að hafa haft efnið í vörslum sínum. Refsing J ákveðin fangelsi í 2 ár en Æ í 1 ár. Í héraði hafði J verið dæmdur til 2 og hálfs árs en Æ til 2 ára fangelsisrefsingar.

Árið 2004 sættu 15 ákæru í 7 málum sem vörðuðu stórfelld brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni samkvæmt 173. gr. a. alm.hgl. Um var að ræða innflutning, sölu og vörslur á kannabis, amfetamíni, kókaíni og MDMA. Öllum málunum nema einu lauk með sakfellingardómi. Í því máli var ákæra afturkölluð þar sem ákærði andaðist á meðan stóð á rekstri málsins.

M. 003-2004-242.
D og R 32 ára voru ákærðir fyrir stórfellt fíkniefnabrot. Ákærði R stóð fyrir innflutningi frá Þýskalandi á alls 27 kg af kannabis, fluttu hingað í tíu ferðum, en í samráði við hann tók ákærði D í sjö skipti við alls 23 kg af fíkniefnunum. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum

5. nóvember 2004 í málinu nr. S-652/2004 voru ákærðu sakfelldur samkvæmt ákæru fyrir brot gegn 173. gr. a. alm. hgl. Refsing D ákveðin fangelsi í 4 ár og 6 mánuði en refsing R fangelsi í 5 ár. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar sem með dómi uppkveðnum hinn 19. maí 2005 í málinu nr. 520/2004 staðfesti dóm héraðsdóm um sakfellingu ákærðu og dæmdi D til að sæta fangelsi í 3 ár og R í 4 og hálft ár.

M. 003-2004-115.
H 37 ára og B 25 ára var gefið að sök að hafa staðið saman að innflutningi á 8.620,89 g af kannabis frá Danmörku ætluðu til söludreifingar hér á landi. Þá var H ennfremur gefið að sök að hafa flutt inn frá Danmörku um 5 kg af kannabis. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum hinn 13. desember 2004 í málinu nr. S- 1533/2004 voru ákærðu sakfelld samkvæmt ákæru. Refsing H ákveðin fangelsi í 15 mánuði en B í 10 mánuði.

M. 003-2004-147.
Þremur rúmlega tvítugum mönnum og einum tæplega fimmtugum var gefið að sök fíkniefnabrot er einn ákærðu flutti til landsins frá Danmörku í þremur ferðum samtals um 15 kg af kannabis. Þáttur hinna ákærðu í brotinu var misstór en þeir móttóku og/eða seldu fíkniefnin. Með dómi Héraðdóms Reykjavíkur uppkveðnum 20. desember 2004 í málinu nr. S-173/2004 voru ákærðu allir sakfelldir samkvæmt ákæru. Refsing ákveðin frá 4 mánaða skilorðsbundu fangelsi til 20 mánaða óskilorðsbundins fangelsi.

M. 003-2004-187.
S 39 ára var ákærður fyrir stórfellt fíkniefnabrot með því að hafa flutt hingað til lands 981,69 g af amfetamíni og 993,5 g af kókaíni. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 20. desember 2004 í málinu nr. S-2417/2004 var ákærði sakfelldur og dæmdur til að sæta fangelsi í 3 og hálft ár.

## 3.4. Peningaþvætti

Enginn dómur féll á árinu varðandi peningaþvætti samkvæmt 264. gr. alm.hgl. Ein ákæra var gefin út þar sem kona var ákærð fyrir peningaþvætti í tengslum við fíkniefnabrot eiginmanns síns. Hún var sýknuð með dómi Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum í júní 2005.

## 3.5. Brenna

Tveir sakfellingardómar féllu á árinu fyrir brot gegn 1., sbr. 2. mgr. 164. gr. alm.hgl.

M. 003-2004-128.
S 44 ára var ákærður fyrir að kveikja eld í skáp í íbúð sem hann hafði til umráða í sambýli fatlaðra þannig að eldur breiddist um íbúðina og með því stofnað lífi 5 íbúa hússins og starfsmanns í bersýnilegan háska, valdið eignatjóni og hættu á yfirgripsmikilli eyðingu á eignum annarra manna, en eldurinn var slökktur af slökkviliði og urðu slökkviliðsmenn með reykköfunarbúnað að aðstoða þrjá íbúa á efri hæð hússins við að komast út úr því vegna mikils reyks. Með dómi Héraðsdóms Norðurlands eystra uppkveðnum 13. október 2004 í málinu nr. S-196/2004 var ákærði sakfelldur samkvæmt ákæru. Hann var hins vegar sýknaður af refsikröfu þar sem hann var talinn ósakæfur og dæmdur til að sæta vistun á viðeigandi hæli, sbr. 62. gr. alm.hgl.

M. 003-2003-254.
Með dómi Hæstarétt uppkveðnum hinn 9. desember 2004 í málinu nr. 324/2004 var staðfest niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur frá júní 2004 um sakfellingu G 31 árs og Í og S 22 ára fyrir brot gegn 1. mgr., sbr. 2. mgr. 164. gr. alm. hgl. með því að hafa, eftir að ákærði S hafði sparkað gat á útidyrahurð húss við Suðurlandsbraut í Reykjavík, hellt 10 lítrum af bensíni inn í anddyri hússins og á tröppur og veggi og kveikt í svo að eldur blossaði upp. Stofnuðu ákærðu lífi þriggja íbúa hússins í bersýnilegan háska og ollu eignatjóni og hættu á yfirgripsmikilli eyðingu á eignum annarra manna, hefði eldurinn breiðst út, en hann uppgvötaðist fljótlega og var slökktur af lögreglu og slökkviliði. Þá var staðfest niðurstaða héraðsdóms um 2 ára fangelsisrefsingu ákærðu.

## 3.6. Brot gegn lífi og líkama/ósæmileg meðferð á líki

Tvær ákærur voru gefnar út á árinu fyrir brot gegn 221. gr. alm. hgl.

M. 003-2004-96.
G 28 ára, J 32 ára og T 24 ára voru ákærðir fyrir að láta farast fyrir að koma V til hjálpar í lífsháska með því að koma honum ekki undir læknishendur eftir að hann veiktist vegna stíflu í mjógirni af völdum fíkniefnapakkninga sem sátu fastar í maga og mjógirni. Ennfremur voru þeir ákærðir fyrir ósæmilega meðferð á líki V með því að hafa sett líkið í plastpoka, vafið í filtteppi, bundið um það með bandi og límt og komið líkinu fyrir í farangursgeymslu jeppabifreiðar, sem ákærðu höfðu tekið á leigu. Ákærðu J og T óku síðan bifreiðinni austur til Neskaupstaðar þar sem ákærðu hittust á heimili móður ákærða G og óku saman í bifreiðinni um bæinn og nágrenni. Fóru ákærðu á bifreiðinni niður að netagerðarbryggju, fjarlægðu þar líkið úr farangursgeymslunni, tóku teppið utan af því, bundu kaðli um háls, búk og fætur, festu keðju við háls og bundu gúmmíbobbing við fætur, ákærði G stakk líkið með hnífi fimm stungum í háls, brjóstkassa og kvið og þvínæst sökktu ákærðu líkinu í sjóinn við bryggjuna. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 9. nóvember 2004 í málinu nr. S-1177/2004 voru þeir sakfelldir fyrir brot gegn 1. mgr. 221. gr. og 1. mgr. 124. alm.hgl. Jafnframt voru þeir sakfelldir fyrir innflutning á rúmum 200 g af amfetamíni. Refsing ákveðin fangelsi í 2 ár og 6 mánuði. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar sem með dómi uppkveðnum hinn 24. apríl 2005 í málinu nr. 510/2004 staðfesti niðurstöðu um sakfellingu og refsingu ákærðu.

M. 003-2004-124.
E 32 ára var ákærður fyrir brot gegn lífi og líkama með því að hafa, staddur í íbúð að L í Reykjavík, ásamt B, látið farast fyrir að koma B undir læknishendur þegar hún veiktist þar lífshættulega og lést af völdum banvænnar kókaín- og MDMA (3.4 metílendíoxímetamfetamín) eitrunar. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 28. janúar 2005 var hann sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 221. gr. alm.hgl. Refsing ákveðin fangelsi í 1 ár og 6 mánuði. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar sem með dómi uppkveðnum hinn 13. október 2005 í málinu nr. 124/2005 staðfesti niðurstöðu um sakfellingu og refsingu ákærða.

## 3.7. Ólöglegar handtökur

Með dómi Hæstaréttar uppkveðnum uppkveðnum 4. mars 2004 í málinu nr. 477/2003 var lögregluþjóninn Þ dæmdur til að sæta tveggja mánaða skilorðsbundnu fangelsi fyrir ólöglega handtöku, ranga skýrslugerð og brot í opinberu starfi. Brot Þ voru talin varða við 131., 132. og 138. og 146. gr. alm.hgl. Meðákærði X sem sakfelldur hafði verið með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur, í desember 2003, var sýknaður í Hæstarétti.

## 3.8. Rangar sakargiftir

Sjö voru ákærði fyrir rangar sakargiftir samkvæmt 148. gr. alm. hgl. Í flestum tilvikum var um það að ræða að ákærðu, sem voru staðnir að broti á umferðarlögum, gáfu lögreglu upp nafn annarra manna og komu því þannig til leiðar að þeir yrðu sakaðar um brotið.

M. 003-2004-180.
Tveimur 17 ára stúlkum, L og S, voru gefnar að sök rangar sakargiftir, með því að hafa í félagi, með rangri kæru og röngum framburðum, ákærða L fyrir héraðsdómi og ákærða S fyrir lögreglu, leitast við að koma því til leiðar að T yrði sakaður um kynferðisbrot gegn ákærðu L. Lýsti ákærða L því ranglega fyrir héraðsdómi að varnarliðsmaður að nafni T hefði nauðgað sér og ákærða S lýsti því ranglega fyrir lögreglu að meðákærða hefði greint sér frá því að T hefði nauðgað henni. Með dómi Héraðsdóms Vesturlands uppkveðnum hinn 5. janúar 2005 í málinu nr. S- 321/2004 voru ákærðu sakfelldar. Refsing L ákveðin fangelsi í 9 mánuði, þar af 7 skilorðsbundir, en S skilorðsbundið fangelsi í 7 mánuði.

## 3.9. Kynferðisbrot

Flutt voru 14 mál í Hæstarétti er vörðuðu ætluð brot á XXII. kafla alm.hgl. Ellefu málanna vörðuðu brot gegn börnum. Dómar héraðsdóms um sakfellingu voru staðfestir í 9 tilvikum, en í einu var sýknudómur staðfestur. Þrjú málanna vörðuðu brot gegn fullorðnum. Dómar héraðsdóms um sakfellingu voru staðfestir í í öllum tilvikum.
Þyngsta refsingin í kynferðisbrotamáli var ákveðin fangelsi í 5 ár og sex mánuði en með dómi Hæstaréttar uppkveðnum 25. mars 2004 í málinu nr. 463/2004 var X sakfelldur fyrir að hafa nær daglega haft samræði eða önnur kynferðismök við stjúpdóttur sína frá því að hún var 5 eða 6 ára þar til hún var tæpra 18 ára.

Á árinu voru gefnar út 25 ákærur sem vörðuðu kynferðisbrot gegn börnum samkvæmt 200.-202. gr. alm.hgl. Oft var um það að ræða að ákært var í sama málinu út af fleiri en einu broti eða fleiri en einum brotaþola.
Ákært var í tveimur málum fyrir brot gegn niðja, sbr. 200. gr. alm. hgl. Sakfellt var að hluta í öðru málinu sem varðaði brot gegn sonardóttur og dómfelldi dæmdur í 6 mánaða fangelsi. Í hinu málinu var ákært fyrir brot gegn þremur dætrum. Sakfellt var fyrir brot gegn tveimur dætranna en sýknað af broti gagnavart hinni þriðju. Ákærði var dæmdur í 24 mánaða fangelsi, þar af var 21 mánuður skilorðsbundinn.
Ákært var í þremur málum fyrir brot gegn stjúpbörnum, sbr. 201. gr. alm.hgl. og lauk þeim með sakfellingu í héraðsdómi að öllu leyti eða hluta. Refsing í einu málanna ákveðin fangelsi í 2 ára og sex mánuði en í hinum tveimur fangelsi í 3 ár.
Ákært var í 15 málum fyrir brot gegn 202. gr. alm. hgl. Fjórum málanna lauk með sýknudómi. Í hinum málunum var sakfellt að öllu leyti eða hluta. Þyngst refsing ákveðin fangelsi í 4 ár, en í því máli var karlmaður ákærður fyrir ítrekuð kynferðisbrot gagnvart nokkrum 12-14 ára piltum. Tveimur sakfellingardómanna hefur verið áfrýjað.
Börn komu einnig við sögu í nokkrum þeim málum sem höfðuð voru vegna brota gegn blygðunarsemi samkvæmt 209. gr. hgl. en gefnar voru út 5 ákærur fyrir brot á þeirri lagagrein og var sakfellt að öllu leyti eða hluta í fjórum málanna en sýknað í einu. Einu sakfellingmálanna hefur verið áfrýjað. Þá var ákært í 4 málum sem vörðuðu vörslur á barnaklámi samkvæmt 4. mgr. 210. gr. hgl. og var sakfellt í þremur málunum en einu er ólokið.

Á árinu voru gefnar út 7 ákærur fyrir kynferðisbrot gagnvart fullorðnum samkvæmt 194. til 196. gr. alm. hgl. Í tveimur málanna var ákært fyrir tilraun til nauðgunar. Öðru þeirra lauk með sakfellingardómi, sem hefur verið áfrýjað, en í hinum málinu var sýknaði af nauðgunartilraun en sakfellt fyrir blygðunarsemisbrot. Fimm ákærur voru gefnar út fyrir misneytingu. Sýknað var í tveimur málanna í héraði, sakfellt í þremur en einu er ólokið. Tekið skal fram að tveimur af sakfellingardómum var áfrýjað til Hæstaréttar, í öðru tilvikinu var héraðsdómurinn staðfestur en í hinu liggur endaleg niðurstaða ekki fyrir.
Eitt mál var höfðað fyrir innflutning á klámi og lauk því með viðurlagaákvörðun.

## 3.10. Rán og önnur auðgunarbrot

Á árinu voru 40 ákærðir í 24 málum fyrir rán samkvæmt 252. gr. hgl. Hafa fallið dómar öllum málanna og voru 38 sakfelldir en 2 sýknaðir. Refsing oftast ákveðin óskilorðsbundið fangelsi.

003-2004-29.
J, H, E og Æ voru ákærðir fyrir rán í verslun Bónus í Kópavogi. J, H, og E með því að skipuleggja ránið í félagi samkvæmt hugmynd ákærða E sem var starfsmaður í versluninni er ránið var framið, og ákærðu J og H með því að framkvæma ránið og ákærða E með því að veita þeim liðsinni sitt. Ákærði Æ með því að lána J og H tvær afsagaðar haglabyssur til ránsins. Ránið var framið þannig að J og H komu inn í vöruafgreiðslu verslunarinnar eftir lokun, með hulin andlit, hvor með sína byssu að vopni, sem þeir ógnuðu fjórum starfsmönnum með, þeirra á meðal ákærða Elíasi Fannari, skipuðu honum ásamt tveimur starfsmönnum öðrum inn í kaffistofu og neyddu þá niður á hnén. Þar stóð ákærði J vopnaður yfir þeim á meðan ákærði H, ógnandi með byssu og líflátshótunum, neyddi fjórða starfsmanninn inn á skrifstofu til að opna þar peningaskáp og afhenda sér peningapoka með rúmlega 600.000 kr. sem hann og ákærði J höfðu á brott með sér en ráðgert var að ákærði E fengi hluta ránsfengsins. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 24. febrúar 2004 í málinu nr. S-2254/2003 voru J, H og E sakfelldir samkvæmt ákæru fyrir brot gegn 252. gr. alm. hgl. Refsing hvors um sig ákveðin fangelsi í 18 mánuð. Æ var hins vegar sýknaður.

003-2003-269.
I 20 ára var ákærður fyrir að hafa stokkið yfir afgreiðsluborð sparisjóðs, ógnað starfsfólki sparisjóðsins með hnífi, skipað því að halda sig fjarri og hrifsað úr skúffu kr. 900.000. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 19. mars 2004 í málinu nr. S-231/2003 var hann sakfelldur samkvæmt ákæru fyrir brot gegn 252. gr. gr. alm. hgl. Refsing ákveðin skilorðsbundið fangelsi í 9 mánuð.

003-2003-279.
B 19 ára og T 19 ára voru ákærðar fyrir rán á veitingastaðnum Subway en þær ógnuðu afgreiðslukonum með hnífum og lokuðu þær inni í frystiklefa á meðan að þær stálu ýmsu að verðmæti um kr. 46 þúsund. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 15. apríl 2004 í málinu nr. S-89/2004 voru þær sakfelldar samkvæmt ákæru fyrir brot gegn 252. gr. alm. hgl. Refsing B ákveðin fangelsi í 12 mánuði en T í 8 mánuði. Dæmdar fyrir ýmis önnur brot.

003-2004-32.
S 17 ára var ákærður fyrir að hafa komið inn í sparisjóð með andlit sitt hulið og ógnað gjaldkera með hnífi og skipað henni að afhenda sér peninga sem hann hafði á brott með sér (kr. 344 þúsund). Með dómi Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 5. maí 2004 í málinu nr. S-362/2004 var hann sakfelldur fyrir brot gegn 252. gr. alm. hgl. Refsing ákveðin skilorðsbundið fangelsi í 9 mánuði.

003-2004-24.
S 40 ára var ákærður fyrir rán sem hann framkvæmdi við þriðja mann á árinu 1995 á bifreiðastæði við Íslandsbanka á horni Lækjargötu og Vonarstrætis í Reykjavík samkvæmt fyrirframgerðri áætlun, en hann veittist ásamt öðrum félaga sinna að tveimur starfskonum Skeljungs hf., sem voru á leið í bankann til að leggja inn fjármuni í eigu fyrirtækisins, sló aðra í höfuðið með slökkvitæki þannig að hún féll í götuna, hrifsaði af henni tösku sem í voru ávísanir og peningar að fjárhæð 6 milljónir króna og hafði á brott með sér. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 19. maí 2004 í málinu nr. S-525/2004 var hann sakfelldur fyrir brot gegn 252. gr. alm. hgl. og dæmdur til að sæta fangelsi í 2 ár. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar sem með dómi uppkveðnum hinn 21. mars 2005 í málinu nr. 277/2004 staðfesti niðurstöðu héraðsdóms um sakfellingu ákærða og dæmdi hann til að sæta fangelsi í 2 og hálft ár.

M. 003-2004-146.
BH 26 ára, BM 20 ára og BS 28 ára vorur ákærðir fyrir rán, í Landsbanka Íslands við Gullinbrú, en ákærðu fór saman í bifreið að næstu götu við Gullinbrú, þar sem ákærði BS fór úr bifreiðinni, með öxi í hendi, en ákærðu BM og BH biðu í bifreiðinni. Ákærði BS huldi andlit sitt með lambhúshettu og fór inn í bankann vopnaður öxinni, braut skilrúm úr gleri á einni gjaldkerastúkunni með henni, stökk því næst upp á afgreiðsluborðið, ógnaði gjaldkera með öxinni og hrifsaði 570.000 kr. í peningaseðlum úr peningaskúffu sem hann hafði á brott með sér úr bankanum. Ákærði BS kastaði peningaseðlunum inn um opinn glugga bifreiðarinnar og meðákærðu óku á brott með ránsfenginn, en ákærði BS var handtekinn skömmu síðar. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 3. nóvember 2004 í málinu nr. S-1534/2004 voru ákærðu sakfelldir samkvæmt ákæru fyrir brot gegn 252. gr. alm. hgl. BH var dæmdur til að sæta 3 mánaða skilorðsbundu fangelsi, BS til að sæta fangelsi í 2 ár (raun skilorð) en BM var sýknaður.

M. 003-2004-98.
J 21 árs og H 26 ára, voru ákærðir fyrir rán, í banka sem þeir framkvæmdu eins og hér greinir: Ákærði H lét ákærða J í té hníf og lambhúshettu sem hann huldi andlit sitt með er hann fór inn í bankann, ógnaði gjaldkerum með hnífnum og neyddi gjaldkera til að láta af hendi kr. 430.000 í peningaseðlum sem ákærði J hafði á brott með sér. Ákærði H ók ákærða J að Búnaðarbankanum áðurgreindan dag, beið hans í bifreiðinni skammt frá á meðan ákærði J fór inn í bankann og ók honum frá vettvangi með ránsfenginn. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 2. desember 2004 í málinu nr. S-1171/2004 voru ákærðu sakfelldir samkvæmt ákæru fyrir brot gegn 252. gr. alm. hgl. (H þó talinn hlutdeildarmaður). J var dæmdur til að sæta fangelsi í 2 ár en H skilorðsbundnu fangelsi í 8 mánuði.

M. 003-2004-149.
Á 17 ára var ákærður fyrir rán, með því að hafa farið í sparisjóð, með andlit sitt hulið og vopnaður hnífi, ógnað starfskonum bankans, með hnífnum og neytt þær til að afhenda sér peningaseðla úr peningaskúffum, samtals kr. 964.500 sem ákærði hafði á brott með sér. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 7. desember 2004 í málinu nr. S-1579/2004 var ákærði sakfelldur samkvæmt ákæru fyrir brot gegn 252. gr. alm. hgl. Refsing 12 mánaða skilorðsbundið fangelsi.

Þá voru flutt 16 mál fyrir Hæstarétti vegna brota gegn 244. gr. alm.hgl. í málum sem lögreglustjórar höfðu ákært í og flutt í héraði. Í flestum tilvikum var um ítrekuð brot að ræða.

## 3.11. Brot gegn valdstjórninni

Á árinu voru 16 ákærðir í 12 málum fyrir brot gegn valdstjórninni samkvæmt 106. gr. alm. hgl. Oftast var um að ræða brot gegn lögreglumönnum, en í einu tilviki kom fangavörður við sögu. Öllum málunum hefur verið lokið. Tveir voru sýknaðir en fjórtán sakfelldir. Refsingar voru í flestum tilvikum ákveðnar sektir eða skilorðbundið fangelsi.

## 3.12. Umferðarlagabrot. Umferðarslys.

Sex dómar féllu í Hæstarétti á árinu í málum vegna umferðarlagabrota. Fjórir dómar féllu vegna ölvunaraksturs, aksturs undir áhrifum lyfja og án ökuréttinda. Þá féll einn dómur þar sem ákært var fyrir að sinna ekki tilkynningaskyldu til lögreglu vegna umferðaróhapps og annar dómur þar sem ákært var fyrir líkamsmeiðingar og/eða manndráp af gáleysi samkvæmt 215. gr. og 219. gr. hgl. auk brota á umferðarlögum.

M. 003-2002-1569.
Með dómi Hæstaréttar uppkveðnum 4. nóvember 2004 í málinu nr. 237/2004 var X var ákærður fyrir manndráp af gáleysi með því að hafa ekið bifreið sinni yfir á rangan vegarhelming með þeim afleiðingum að hann lenti í árekstri við aðra bifreið, en farþegi í framsæti þeirrar bifreiðar lést. Þótti nægilega sannað að bifreið X hafi verið á röngum vegarhelmingi miðað við akstursstefnu þegar áreksturinn varð. Hvorugur ökumannanna gat borið um aðdraganda hans vegna minnisleysis, en báðir hlutu þeir alvarleg meiðsl við áreksturinn. Skoðun sú, sem framkvæmd var á bifreiðunum var hvorki ítarleg né til þess ætluð að leiða í ljós orsakir árekstrarins. Á grundvelli hennar varð því ekki útilokað að bilun hafi orðið í bifreið X skömmu fyrir áreksturinn. Var talið, að orsök hans væri óupplýst og því ósannað að bifreið X hafi verið á röngum vegarhelmingi vegna gáleysis hans. Var hann því sýknaður

## 3.13. Skatta- og efnahagsbrot.

Einn dómur sætti áfrýjun á árinu en með dómi Hæstaréttar uppkveðnum hinn 23. sepetmber 2004 í málinu nr. 8/2004 var staðfest niðurstaða Héraðsdóms Vesturlands frá október 2003 um sakfellingu A, framkvæmdastjóra útgerðarfélagsins B ehf., og M skipstjóra fyrir brot gegn lögum um umgengni um nytjastofna sjávar, lögum um stjórn fiskveiða og lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með því að hafa haldið nánar tilteknum skipum til veiða án lögboðinna aflaheimilda. Þá var A jafnframt dæmdur fyrir umboðssvik og brot gegn lögum um virðisaukaskatt og lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda. Var refsing A ákveðin þriggja mánaða fangelsi og 18.000.000 kr. sekt í ríkissjóð, en refsing M tveggja mánaða skilorðsbundið fangelsi og 800.000 kr. sekt í ríkissjóð.

## 3.14. Heimilisofbeldi

Umtalsverð þjóðfélagsumræða hefur verið á síðust árum um hvernig yfirvöldum sé rétt að bregðast við heimilisofbeldi. Skilgreiningu á hugtakinu heimilisofbeldi er ekki að finna í lögum en almennt hefur verið litið svo á að um sé að ræða ofbeldi gagnvart nákomnum, t.d. núverandi eða fyrrverandi maka eða börnum. Árlega kemur fjöldi slíkra mála til meðferðar hjá ákæruvaldinu. Hér að neðan er að finna ýmsa dóma varðandi heimilisofbeldi sem féllu í héraði á árinu 2004.

M. 003-2003-93+94.
S 34 var ákærður fyrir líkamsárásir gegn tveimur fyrrverandi sambýliskonum sínum. Annars vegar gegn O með því að hafa ráðist margsinnis á hana með hnefahöggum í höfuð, bringu, bak, læri og handleggi þannig að hún hlaut heilahristing og mar á líkama. Hins vegar gegn R með því að hafa tvívegið hrint henni og sparkaði í hana liggjandi þannig að hún marðist illa. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 16. mars 2004 í málinu nr. S-2083/2003 var ákærði sakfelldur samkvæmt ákæru fyrir brot gegn 217. gr. alm. hgl. Refsing ákveðin fangelsi í 6 mánuði, þar af 4 skilorðsbundnir.

M. 003-2003-140.
S 25 ára var ákærður fyrir stórfellda líkamsárás með því að hafa veist að B, sambýliskonu sinni, fellt hana í jörðina og sparkað margsinnis í hana liggjandi, tekið hana hálstaki og þrengt að hálsi, sparkað í kynfæri hennar o.fl. Með dómi Héraðsdóms Norðurlands eystra uppkveðnum 25. mars 2004 í málinu nr. S-373/2003 var ákærði sakfelldur fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. alm.hgl. og dæmdur til að sæta fangelsi í 3 ár (rauf reynslulausn).

M. 003-2003-239.
Með dómi Hæstaréttar uppkveðnum hinn 15. september 2004 í málinu nr. 155/2004 var staðfest niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur um sakfellingu X fyrir fyrir nauðgun, frelsissviptingu, eignaspjöll og þjófnað, með því að hafa haldið fyrrverandi sambýliskonu sinni nauðugri í íbúð hennar, þröngvað henni til holdlegs samræðis, valdið ýmsum skemmdum á eignum hennar og stolið munum úr íbúð hennar. Voru brot hans talin varða við 1. mgr. 226. gr., 194., 257. og 244. gr. alm.hgl. Hann var dæmdur til að sæta fangelsi í þrjú ár og sex mánuði.

M. 028-2004-1 (höfðað af lögreglustjóranum á Eskifirði).
R 35 ára var ákærður fyrir líkamsárás með því að hafa veist að sambýliskonu sinni og dregið hana á hárinu úr rúmi sínu inn í annað herbergi þar sem hann greip um háls hennar með hægri hendi og þrýsti henni niður í rúm og veitti henni högg í andlitið með höfðinu, með þeim afleiðingum að hún nefbrotnaði og hlaut mar á hálsi og í andlit. Ákærði játaði sök og var með dómi Héraðsdóms Austurlands uppkveðnum 8. júní 2004 í málinu nr. S-74/2004 sakfelldur fyrir brot gegn 1. mgr. 218. gr. alm.hgl. og dæmdur til að sæta 5 mánaða skilorðsbundu fangelsi.

M. 010-2004-194 (höfðað af lögreglustjóranum í Reykavík).
E 49 ára var ákærður fyrir líkamsárás, með því að hafa á heimili fyrrverandi sambýliskonu sinnar, slegið hana hnefahögg í andlitið, rifið hár hennar og misþyrmt henni með öðrum hætti, allt með þeim afleiðingum að hún bólgnaði og marðist framan við vinstra eyra og hlaut marbletti, húðrispur, húðblæðingu og eymsl í andliti og víðar um líkamann. Með dómi Héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 14. júlí 2004 í málinu nr. S-112/2004 var ákærði sakfelldur fyrir brot gegn 217. gr. alm.hgl. og dæmdur til að sæta skilorðsbundu fangelsi í 2 mánuði.

M. 017-2004-3 (höfðað af lögreglustjóranum í Bolungarvík).
K 27 ára var ákærður fyrir líkamsárás, með því að hafa á veitingastað, sparkað í innanvert vinstra læri fyrrum sambýliskonu sinnar, þannig að af hlaust marblettur og dálítil bólga. Ákærði játaði sök og með dómi Héraðsdóms Vestfjarða uppkveðnum 6. september 2004 í málinu nr.

S-89/2004 var ákærði sakfelldur fyrir brot gegn 217. gr. alm.hgl. Með heimild í 3. mgr. 218. gr. laganna var refsing látin niður falla.

M. 036-2004-20 (flutt af lögreglustjóranum í Hafnarfirði).
H 56 ára var ákærður fyrir að hafa, um áramótin 1999-2000 frá því seinni partinn á gamlársdag og fram á nýársdagsmorgun, ráðist hvað eftir annað á sambýliskonu sína, Á, á heimili þeirra og beitt hana miklu ofbeldi, þannig gengið margoft í skrokk á henni, barið og sparkað í hana, snúið upp á handleggi hennar og dregið hana á höndum og fótum og niður stiga og loks um morguninn, að dóttur hennar viðstaddri, hrint henni niður stiga milli hæða í húsinu svo að stórfellt líkams- og heilsutjón lá við, en Á hlaut af allri þessari líkamsárás mar víðsvegar um líkamann og slæm verkja- og þreyfieymsli auk þess sem hún hlaut af varanlegan og alvarlegan áverka á hægri öxl og var síðan metin með örorku að hluta. Ennfremur var hann ákærður fyrir að hafa tvívegis í apríl 2002 veist að sömu sambýliskonu sinni, með því að hafa í fyrra skiptið gripið undir höku hennar, lyft henni upp, slengt til og í vegg en í hið síðara kýlt hana í hendur, bak og herðar og tekið hana hálstaki. Hlaut hún af þessu yfirborðsáverka á útlimum, öxl, andliti og í hársverði, tognaði á hálsi og á öxlum. Með dómi Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 2. desember 2004 í málinu nr. S-1201/2004 var ákærði sakfelldur samkvæmt ákæru fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. og 1. mgr. 217. Refsing ákveðin 7 mánaða fangelsi þar af voru 5 skilorðsbundir.

Mál nr. 036-2003-5686 (höfðað af sýslumanninum í Hafnarfirði).
Með dómi Héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 19. október 2004 var K sakfelldur fyrir líkamsárás, með því að hafa ráðist að X, á þáverandi sameiginlegu heimili þeirra, tekið hana hálstaki og hrint henni til og frá með þeim afleiðingum að hún hlaut tognun í hálsvöðvum og hné og yfirborðsáverka á andliti og hársverði. Frestað var ákvörðun um refsingu. Málinu var áfrýjað til Hæstaréttar sem með dómi uppkveðnum hinn 28. apríl 2005 í málinu nr. 2/2005 staðfesti niðurstöðu héraðsdóms um sakfellingu ákærða um brot gegn 1. mgr. 217. gr. alm.hlg. og dæmdi hann til að sæta þriggja mánaða skilorðsbundu fangelsi.

## 3.15. Annað

Af öðrum málum sem til meðferðar voru fyrir Hæstarétti á árinu má nefna eftirfarandi mál.

**Málverkafölsunarmál**
M. 006-2003-2.
Með dómi Hæstaréttar uppkveðnum 19. maí 2004 í málinu nr. 325/2003 voru A og B sýknaðir af ákæru um skjalafals og fjársvik með því að hafa blekkt viðskiptavini í nánar greindum tilvikum til að kaupa myndverk, sem þeir hafi átt þátt í fölsun á. Varðandi myndverk gerð á pappír var fallist á mat héraðsdóms um að ákæruvaldinu hafi ekki tekist að sýna nægilega fram á að þau verk stöfuðu ekki frá þeim, sem þau voru kennd við með höfundarmerkingum. Voru A og B því sýknaðir af þeim ákæruliðum er þessi verk vörðuðu. Lögregla hafði við rannsókn málsins leitað til kunnáttumanna um rannsóknir og álitsgerðir vegna þeirra olíumálverka sem málið varðaði. Staða Listasafns Íslands sem eins kærenda í málinu var óhjákvæmilega talin valda því að þær sérfræðilegu álitsgerðir, sem lögregla hafði aflað hjá starfsmönnum listasafnsins fyrir útgáfu ákæru, gætu ekki talist tækar fyrir dómi til sönnunar um atriði sem vörðuðu sök ákærðu. Gilti þá einu hvort um væri að ræða myndverk, sem listasafnið hafi lagt fram kæru um, eða verk sem því væru óviðkomandi. Var ekki talið að þau sönnunargögn, sem eftir stæðu, nægðu til þess að ákæruvaldið gæti talist hafa axlað þá sönnunarbyrði, sem á því hvíldi. Voru ákærðu því einnig sýknaðir af sakargiftum þeim er vörðuðu umrædd olíumálverk. Tveir dómarar skiluðu sératkvæði og vildu sakfella ákærðu að hluta.

**Refsiheimild**

M. 037-2003-429.

Með dómi Hæstaréttar uppkveðnum 28. október 2004 í máli nr. 251/2004 var X sýknaður fyrir umferðarlagabrot með því að hafa ekið vöruflutningabifreið yfir sjö daga tímabil án þess að taka sér „lögboðna vikuhvíld." Var þetta í ákæru talið varða við a. lið 1. gr. reglugerðar nr. 136/1995 um aksturs- og hvíldartíma ökumanna o.fl. í innanlandsflutningum og við flutning innan Evrópska efnahagssvæðisins, sbr. ákvæði reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3820/85 um samhæfingu tiltekinnar löggjafar á sviði félagsmála er varðar flutninga á vegum, sbr. 6. mgr. 44. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Talið var að sjálfstæða verknaðalýsingu á broti varðandi hvíldartíma ökumanna væri hvorki að finna í 6. mgr. 44. gr. umferðarlaga né heldur í reglugerð nr. 136/1995 sem sett væri með stoð í lögunum. Væri því ekki um að ræða svo skýra refsiheimild að samrýmanleg væri 1. mgr. 69. gr. stjórnarskrárinnar

M. 010-2003-177.

Með dómi Hæstaréttar uppkveðnum 18. nóvember 2004 í máli nr. 236/2004 var X sýknaður af broti gegn gegn 1. mgr. 2. gr., sbr. 1. tölulið A-liðar 3. gr. og 1. mgr. 11. gr. reglna nr. 198/1983 um réttindi til að stjórna vinnuvélum, sbr. 1. gr. reglna nr. 24/1999 og 1. gr. reglna nr. 816/2000, sbr. 1. mgr. 99. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, með því að hafa stjórnað lyftara án tilskilinna réttinda. Í 1. mgr. 2. gr. reglna nr. 198/1983, eins og þeim var breytt með 1. gr. reglna nr. 816/2000, var kveðið á um að þeir einir mættu stjórna vinnuvélum sem til þess hefðu réttindi. Voru reglurnar settar af stjórn Vinnueftirlits ríkisins og staðfestar af félagsmálaráðherra. Brot gegn 1. mgr. 2. gr. reglnanna gat þá orðið refsivert samkvæmt 1. mgr. 11. gr. þeirra. Voru reglurnar settar með heimild í 3. mgr. 49. gr. laga nr. 46/1980, þar sem upphaflega var kveðið á um að stjórn Vinnueftirlits ríkisins skyldi setja reglur um kennslu, þjálfun og próf er gæfu til kynna næga þekkingu þeirra, sem óskuðu eftir leyfi til að mega stjórna eða fara með tilteknar vélar. Með 15. gr. laga nr. 68/2003, sem tóku gildi áður en meint brot X átti sér stað, var ákvæðinu breytt þannig að félagsmálaráðherra skyldi að fenginni umsögn stjórnar Vinnueftirlits ríkisins setja umræddar reglur. Talið var að löggjafanum hafi ekki verið heimilt að framselja Vinnueftirliti ríkisins vald til að ákveða hvaða háttsemi skyldi varða refsingu samkvæmt lögum nr. 46/1980.

**Skjalafals**

M. 010-2003-1698.

Með dómi Hæstaréttar uppkveðinum 9. desember 2004 í máli nr. 176/2004 , var Þ sakfelldur fyrir skjalafals með því að hafa annars vegar selt M þrjú skuldabréf sem hann hafði falsað frá rótum og hins vegar afhent B til notkunar í viðskiptum þrjú skuldabréf, sem hann hlaut að vita að voru öll fölsuð. Þ, sem hafði áður hlotið átta refsidóma, þar af fimm fyrir skjalafals, framdi brot sín þegar hann afplánaði refsivist fyrir að bana A. Kvaðst Þ hafa afhent B umrædd þrjú skuldabréf í því skyni að athuga hvort unnt væri að gera kröfu í dánarbú A. Var þessi háttsemi talin svívirðileg og virt honum til refsiþyngingar, sbr. 6. tölulið 1. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Var refsing hans ákveðin fangelsi í 2 ár og sex mánuði, sbr. 77. gr. sömu laga.

**Fjárhættuspil og veðmálastarfssemi.**

M. 003-2003-243.

Með dómi Hæstaréttar uppkveðinum hinn 16. desember 2004 í máli nr. 214/2004 var staðfestur dómur Héraðsdóms Reykavíkur frá maí 2004 um sakfellingu 36 ára karlmanns fyrir brot gegn 183. og 184. gr. alm. hgl. Hann var sakfelldur fyrir að hafa á 9 mánaða tímabili rekið fjárhættuspil („black jack“, rúlettur og póker) í atvinnuskyni og sér til ávinnings. Þá var hann sakfelldur fyrir að hafa rekið veðmálastarfsemi er hann kom öðrum til þáttöku í veðmálum með því að standa fyrir heimasíðu sem hafði þann tilgang að þeir sem opnuðu hana gætu tengst inn á heimasíðu erlends veðbanka þar sem boðið var upp á þátttöku í veðmálum sem einkum snúast um íþróttakappleiki. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms um refsingu ákærða, skilorðsbundið fangelsi í 4 mánuði og 500 þúsund króna sekt.

# 4. kafli

# Erlent samstarf

## 4.1. Samstarf ríkissaksóknara Norðurlanda

Árlegur fundur ríkissaksóknara Norðurlanda var haldinn í Lapplandi í júní. Fjallað var um refsiframkvæmd og nýmæli í refsiréttar- og réttarfarslöggjöf, auk þess sem farið var yfir mál sem varða framkvæmd ákæruvalds á Norðurlöndum. Rætt var um réttarstöðu sakborninga og brotaþola, áhrif stjórnsýslulaga á starfsemi ákæruvaldsins o.fl.
Ákærendur á Norðurlöndum hafa fundað reglulega um efni sem varða gæði saksóknar. Árlegur fundur um þetta efni var haldinn í Osló í mars. Fjallað var um skilgreiningar og markmiðssetningar varðandi hvað skuli teljast góð saksókn. Einnig um aðferðir til að meta eða mæla saksóknargæði. Dæmi um slíkar aðferðir voru kynnt á fundinum, s.s. ýmsar leiðbeiningar ríkissaksóknaranna til ákærenda og úttektir á einstökum brotaflokkum þar sem farið var yfir lögreglurannsókn mála og ákvarðanir ákærenda.

## 4.2. Samstarf ríkissaksóknara Eystrasaltslandanna

Ríkissaksóknarar Norðurlanda taka þátt í samstarfi ríkissaksóknara Eystrasaltslandanna, sem ætlað er að styrkja réttarsamstarf á landsvæðinu. Ríkissaksóknararnir funda árlega og var fundurinn árið 2004 haldinn í Kaupmannahöfn í október.
Ríkissaksóknararnir hafa skipað starfshópa um ýmis málefni. Ríkissaksóknari Íslands á fulltrúa í starfshópum um framsal og réttaraðstoð, um umhverfisbrot og um mansal. Skýrslur þessara hópa voru kynntar á fundinum.

## 4.3. Evrópuráðið

Ríkissaksóknarar ríkja sem eiga aðild að Evrópuráðinu funduðu í Celle í Þýskalandi í maí. Meginefni fundarins var samanburður á meginreglum sem gilda um ákæruvaldið í Evrópulöndunum.

## 4.4. Evrópusambandið

European Judicial Network (EJN) er heiti samstarfs dómsmálayfirvalda Evrópusambandsríkja, með skrifstofu í Haag, sem felur í sér að tilnefndir eru tengiliðir, ákærendur í aðildarríkjunum, til að auðvelda samskipti við meðferð sakamála sem teygja sig til fleiri landa. Reglulegir fundir tengiliða voru haldnir í Dublin í júní og í Haag í desember.

## 4.5. Alþjóðasamtök saksóknara

Ríkissaksóknari er í Alþjóðasamtökum saksóknara International Association of Prosecutors (IAP). Samtökin voru stofnuð í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í Vín árið 1995 og er skrifstofa þeirra í Haag. Samtökin eiga áheyrnarfulltrúa á fundum Evrópuráðsins sem varða málefni ákæruvaldsins og á fundum efnahags- og félagsmálaráðs Sameinuðu þjóðanna (ECOSOC). Þau standa árlega fyrir ráðstefnum, fundum og námskeiðum um refsiréttar- og réttarfarsmálefni. Þá gefa samtökin út ritröð, verklagsreglur um rannsókn og saksókn í tilteknum brotaflokkum.
Árleg ráðstefna IAP var í Seoul í september. Fundarefni var “Different Systems, Common Goals”.

## 4.6. Samstarfssamningur ríkissaksóknara á Norðurlöndum um yfirtöku saksóknar

Samstarfssamningur ríkissaksóknara á Norðurlöndum um saksókn í öðru ríki Norðurlanda en því, sem brot hefur verið framið í hefur gilt frá árinu 1972. Í samningnum felst að saksókn vegna brots sem framið hefur verið í einu ríki Norðurlanda getur farið fram í öðru ríki Norðurlanda, ef hinn grunaði er búsettur eða dvelst í því ríki.
Nokkur mál voru afgreidd á grundvelli samningsins árið 2004. Um var að ræða minniháttar mál sem flest vörðuðu umferðarlagabrot, en einnig fíkniefnabrot og auðgunarbrot.

## 4.7. Beiðnir um framsal og réttaraðstoð

Í október var íslenskur karlmaður framseldur frá Hollandi vegna rannsóknar á stórfelldu ávana- og fíkniefnalagabroti, svonefndu Dettifossmáli. Í kjölfarið var maðurinn ákærður fyrir að hafa, í félagi við aðra, staðið að innflutningi á tæpum 8 kg af amfetamíni og 2.000 skömmtum af LSD hingað til lands frá Hollandi. Dómur féll í málinu í júní 2005 og var ákærði sakfelldur og dæmdur til að sæta fangelsi í 6 ár og 6 mánuði. Einn meðákærðu hlaut 6 ára fangelsi fyrir sinn þátt í málinu, en aðrir voru dæmdir til vægari refsingar.
Við venjubundið eftirlit við komu íslensks flutningaskips til hafnar í Reykjavík í september kom í ljós að bandarískur karlmaður, sem var farþegi um borð, var á skrá um eftirlýsta í Schengen upplýsingakerfinu. Manninum var gefið að sök brottnám ungrar dóttur sinnar og finnskrar barnsmóður frá Finnlandi. Finnsk dómsmálayfirvöld óskuðu framsals kærða til að ljúka mætti dómsmeðferð vegna málsins. Kærði samþykkti að vera framseldur til Finnlands í þessu skyni.
Í desember barst beiðni pólskra dómsmálayfirvalda um framsal pólsks karlmanns, búsetts hér á landi, vegna meintra auðgunarbrota sem framin hefðu verið í Sviss í desember 1997. Maðurinn var framseldur í mars 2005 að gengnum dómi Hæstaréttar um að fullnægt væri lagaskilyrðum til framsals. Með dómi Hæstaréttar var felldur úr gildi úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur þess efnis að með hliðsjón af búsetu kærða og aðstæðum hans væri ekki fullnægt skilyrðum 2. gr. og 7. gr. laga nr. 13/1984 til framsals.
Nokkrar erlendar réttarbeiðnir bárust ríkissaksóknara á árinu. Oftast var um að ræða beiðni um gagnaöflun eða skýrslutökur af vitnum eða grunuðum búsettum hér á landi. Einnig var óskað upplýsinga úr sakaskrá og atbeina við birtingu fyrirkalla eða annarra dómskjala.

# 5. kafli

# Löggjafarmálefni

## 5.1. Almenn hegningarlög

Með lögum nr. 73/2004 sem tóku gildi þann 18. júní 2004 var ákvæðum 41. og 42. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 breytt, en þessi ákvæði lúta að reynslulausn.

Megintilgangur með breytingunum var að gera hið almenna skilyrði reynslulausnar, sbr. 1. málsl. 2. mgr. 41. gr. virkara réttarúrræði með því að tryggja að fyrir hendi sé í lögum skjótvirkt og skilvirkt úrræði til að leita úrskurðar dómara um að maður sem hlotið hefur reynslulausn verði látinn afplána eftirstöðvar refsingar þegar í stað hafi hann gróflega rofið hið almenna skilyrði reynslulausnar um að fremja ekki nýtt brot á reynslutíma. Samkvæmt 2. mgr. eins og henni var breytt með lögunum getur dómstóll að kröfu ákæranda úrskurðað að maður, sem hlotið hefur reynslulausn, skuli afplána eftirstöðvar refsingar ef hann á reynslutíma brýtur gróflega almenn skilyrði reynslulausnar enda liggi fyrir sterkur grunur um að hann hafi framið nýtt brot sem varðað getur 6 ára fangelsi eða að brotið varði við 1. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga.

## 5.2. Lög um meðferð opinberra mála

Með lögum nr. 86/2004 sem tóku gildi þann 18. júní 2004 voru gerðar nokkar breytingar á ákvæðum laga um meðferð opinberra mála er varða aðgang verjanda að rannsóknargögnum máls, heimild til að taka yfirheyrslur yfir sakborningi á hljóð- eða myndband, og vitnavernd lögreglumanna.
Gerð var breyting á 43. gr. varðandi aðgang verjanda að gögnum máls. Er lögreglu nú heimilt, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum, að neita verjanda um slíkan aðgang. Lögregla metur þetta með tilliti til rannsóknarhagsmuna hverju sinni og hefur hún til þess nokkurt svigrúm. Eins og ákvæðið hljóðar eftir gildistöku laganna þá getur lögregla neitað verjanda um aðgang að einstökum skjölum eða öðrum gögnum í allt að þrjár vikur frá því að þau urðu til eða komust í vörslur lögreglu ef lögregla telur að það geti skaðað rannsókn málsins. Þessi frestur var áður ein vika.

Í 6. mgr. 59. gr. laga um meðferð opinberrra mála er kveðið á um að dómari geti eftir kröfu ákveðið að sakborningi verði vikið úr þinghaldi meðan skýrsla vitnis er tekin telji dómari að nærvera sakbornings geti orðið vitninu sérstaklega til íþyngingar eða geti haft áhrif á framburð þess. Með lögunum bættist nýr málsliður við ákvæðið þannig að nú á það sama við ef ætla má að öryggi vitnis geti stafað alvarleg ógn af því að sakborningur komist með nærveru sinni í þinghaldi að raun um persónuauðkenni þess, enda sé þá um leið gætt leyndar um nafn þess. Með lagabreytingunni bættist nýtt ákvæði við 59. gr. og verður 8. mgr. Samkvæmt því getur dómari samkvæmt kröfu ákveðið að vitni sem kemur fyrir dóm geri ekki í heyranda hljóði grein fyrir nafni sínu eða öðru sem varðar persónu hans ef brýnir öryggishagsmunir vitnis eða manna nátengdra því krefjast og ekki verði talið að slík nafnleynd geti spillt fyrir vörn sakbornings svo að máli skipti.

Með lögunum var ákvæði 72. gr. breytt á þann veg að nú er rannsakara almennt heimilt að taka efni yfirheyrslna yfir sakborningi og vitni upp á hljóðband eða myndband eða mynddisk. Einnig var bætt við 72. gr. nýrri málsgrein þar sem kveðið er á um nafnleynd þeirra lögreglumanna sem gefa skýrslur eða vinna með öðrum hætti að rannsókn máls. Skilyrði þessa er að ætla megi vegna sakarefnis að öryggi viðkomandi lögreglumanns geti stafað alvarleg ógn af því að sakborningur eða aðrir komist að raun um nafn hans eða önnur persónuauðkenni.

Með lögunum var einnig gerð sú breyting á b-lið 74. gr. a. að í þeim tilvikum þar sem lögregla telur nausynlegt að skýrsla verði tekin fyrir dómi af sakborningi, brotaþola eða vitnum til þess að upplýsa mál, áður en verjandi fær aðgang að einstökum skjölum eða öðrum gögnum þess, getur dómari framlengt frest samkvæmt 1. mgr. 43. gr. í allt að fimm vikur svo að unnt verði að ljúka skýrslutöku innan frestsins.

Ákvæði 1. mgr. 76. gr. var breytt á þann veg að tímafrestur var settur til að kæra ákvörðun lögreglustjóra um að hætta rannsókn máls eða byrja ekki rannsókn máls og einnig voru sett mörk á þann tíma sem ríkissaksóknari hefur til að afgreiða slíkar kærur. Samkvæmt ákvæðinu eins og það hljóðar nú eftir breytinguna getur sá sem hagsmuna hefur að gæta kært ákvörðun lögreglustjóra til ríkissaksóknara innan eins mánaðar frá því að honum er tilkynnt um hana og skal ríkissaksóknari taka afstöðu til kærunnar innan eins mánaðar frá því að kæran berst honum.

Með lögunum var einnig breytt ákvæðið 86. gr. á þann veg að orðinu „yfirvöld" var breytt í „síma- og fjarskiptafyrirtæki", en einkaréttur ríkissins á því að reka talsímaþjónustu og reka fjarskiptanet var afnuminn þann 1. janúar 1998, og sinna nú hlutafélög og fyrirtæki síma- og farskiptaþjónustu. Fjarskiptafyrirtæki töldu sér ekki skylt að veita lögreglu upplýsingar samkvæmt 1. mgr. 87. gr. þar sem þau töldu ákvæðið ekki eiga við um sína starfsemi þar sem þau teljast ekki til yfirvalda. Álitaefnið hefur ítrekað verið borið undir dómstóla og hefur Hæstiréttur talið unnt að beita ákvæðinu með lögjöfnun.

## 5.3. Umferðarlög

Með lögum nr. 84/2004 sem tóku gildi 18. júní 2004 var nokkrum ákvæðum umferðarlaga breytt. Breytingarnar miðuðu aðallega að því að bæta umferðaröryggi og varða aðallega öryggis- og verndarbúnað barna. Einnig var 108 gr. breytt á þann veg að innheimt verður gjald í stað sekta vegna vanrækslu á að færa ökutæki til skoðunar og nýtt ákvæði er í 44. gr. a sem miðar að bættu eftirliti með aksturs- og hvíldartíma. Ákvæðum um sviptingu ökuréttar vegna ölvunaraksturs var einnig breytt, á þann veg að sviptingartími taki mið af því áfengismagni sem reynist vera í blóði eða útöndunarlofti ökumanns og að svipting ökuréttar vegna ítrekaðs ölvunaraksturs verði lengd.

## 5.4. Umsagnir um lagafrumvörp

**Árið 2004 gaf Ríkissaksóknari umsögn um eftirfarandi lagafrumvörp sem bárust embættinu frá allsherjarnefnd Alþingis nema annars sé getið.**

### • Umsögn frá 18. febrúar 2004 um frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum, 464. mál.

**Umsögnin er svohljóðandi:**

*„Ríkissaksóknara hefur borist til umsagnar, með bréfi allsherjarnefndar Alþingis, dags. 9. þ.m., frumvarp til laga um breytingu á umferðarlögum, 464. mál, öryggi barna, gjöld, EES-reglur o.fl.*

Af hálfu ríkissaksóknara eru gerðar eftirfarandi athugasemdir:

1. Í 1. gr. frv. er m.a. að finna ákvæði um bann við að aka vélknúnum hlaupahjólum á akbraut. Ákvæðið þykir betur eiga heima í VI. kafla umferðarlaga en í 2. gr. laganna, s.s. frv. gerir ráð fyrir, enda lýtur 2. gr. að skilgreiningu hugtaka.

2. Með bréfi til dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dagsettu 22. september 2003, lýsti ríkissaksóknari m.a. því viðhorfi að ákvæði í 4. mgr. 100. gr. umferðarlaga beri að afnema þannig að ákvæði 115. gr. laga um meðferð opinberra mála, sjá einkum 3. mgr. lagagreinarinnar, gildi um brot á umferðarlögum og reglum settum samkvæmt þeim eins og önnur brot sem 115. gr. getur tekið til. Standi hins vegar ákvæðið um að sektir fyrir brot á umferðarlögum skuli ákveðnar í reglugerð þykir eðlilegt og sjálfsagt að sektarhámark lagagreinarinnar verði hækkað eins og gert er ráð fyrir í 7. gr. frv.

Að öðru leyti er tekið undir tillögur sem felast í frumvarpinu."

**• Umsögn frá 20. febrúar 2004 um frumvarp til laga um rannsókn flugslysa, 451. mál, sem barst frá samgöngunefnd Alþingis.**

**Umsögnin er svohljóðandi:**

„Þann 10. þ.m. barst ríkissaksóknara til umsagnar frá samgöngunefnd Alþingis frumvarp til laga um rannsókn flugslysa, 451. mál. Ríkissaksóknari sendi samgöngunefnd Alþingis umsögn, dags. 3. mars 2003, í tilefni af frumvarpi til laga um rannsókn flugslysa sem lagt var fram á 128. löggjafarþingi, 523. mál. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á því frumvarpi. Ekki þykir ástæða til þess nú að fjalla um einstök ákvæði hins nýja frumvarps en einungis skal árétta sjónarmið ríkissaksóknara um almenn atriði sem lúta að fyrirhuguðu fyrirkomulagi rannsókna flugslysa.

Rannsóknarnefnd flugslysa er ekki skylt að gera lögreglu viðvart þótt nefndin verði þess áskynja við rannsókn sína eða fái rökstuddan grun um að framin hafi verið refsiverð háttsemi í tengslum við flugslys. Þess vegna er það skylda lögreglu og ákæruvalds að ganga úr skugga um, án ábendinga frá rannsóknarnefndinni, hvort ástæða sé til opinberrar rannsóknar samkvæmt 2. mgr. 66. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi í tengslum við flugslys. Af því leiðir að í ýmsum tilvikum er óhjákvæmilegt að láta nokkra lögreglurannsókn fara fram jafnhliða rannsókn rannsóknarnefndar flugslysa. Kann þessi skipan að leiða til tvíverknaðar og ágreinings á milli þeirra sem stýra lögreglurannsókn annars vegar og rannsóknarnefndar flugslysa hins vegar.

Telja má víst að lögregla, sem annast rannsókn opinberra mála, hefjist handa um rannsókn, að eigin frumkvæði eða samkvæmt ákvörðun ákæruvalds, þegar atvik flugslyss eru með þeim hætti að þau vekja grunsemdir um að refsiverð háttsemi hafi verið framin. Skýrt dæmi, sem vert er að nefna í þessu sambandi, er flugslys vegna sprengingar í flugvél sem bendir til skemmdarverks. Tel ég að í slíku tilviki standi rannsóknarheimildir lögreglu samkvæmt lögum um meðferð opinberra mála framar rannsóknarheimildum rannsóknarnefndar flugslysa samkvæmt sérlögum um rannsókn flugslysa hvort sem litið er til rannsóknar á vettvangi, tæknilegra rannsókna, aðgangs að gögnum sem t.d. eru nefnd í b. og d. liðum 19. gr. frumvarpsins, yfirheyrslna af vitnum eða grunuðum o.s.frv. Þegar kringumstæður eru eins og hér var nefnt í dæmaskyni og opinber rannsókn á flugslysi fer fram, verður rannsóknarnefnd flugslysa að taka tillit til hagsmuna hinnar opinberu rannsóknar. Hlýtur þá jafnframt að vera mikilvægt að rannsóknaraðilar hafi samstarf um rannsókn flugslyssins.

Ég hef talið rétt að vekja athygli á framangreindu því að ekki er vikið að þessum álitaefnum í frumvarpinu eða athugasemdum með því.”

**• Umsögn frá 10. mars 2004 um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, með síðari breytingum, 138. mál.**

**Umsögnin er svohljóðandi:**

„Umsögn ríkissaksóknara um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum nr. 19/1940, með síðari breytingum (138. mál). Með hliðsjón af dómaframkvæmd er það mat ríkissaksóknara að núgildandi ákvæði 210. gr. almennra hegningarlaga nái yfir sendingu á hvers konar kynferðislegu og klámfengnu myndefni án tillits til miðilsins sem notaður er til að koma efninu áleiðis. Með sömu rökum verður vart talið að tilgreina þurfi sérstaklega þá háttsemi að senda börnum efni sem sýnir börn á kynferðislegan og klámfenginn hátt. Einnig er á það bent að nú fer í hönd vinna hér á landi vegna væntanlegrar fullgildingar Evrópusamningsins um netglæpi (Convention on Cybercrime) og rétt gæti verið að bíða með lagabreytingar á þessu sviði þar til sú vinna hefur átt sér stað. Í 9. gr. samningsins er t.a.m. fjallað um skyldur samningsaðila til að setja refsiákvæði varðandi barnaklám sem fer um tölvukerfi.

Telja verður að núgildandi 210. gr. hgl. taki ekki til þeirrar háttsemi að senda barni kynferðislegan eða klámfenginn texta sem sendur er t.d. á spjallrásum internetsins. Að mati ríkissaksóknara eru hins vegar til staðar refsiákvæði sem beita má um ofangreinda

háttsemi og þá líka í þeim tilvikum þegar klámfenginn og kynferðislegur texti er sendur barni í sendibréfi eða með öðrum hætti sem ekki er tilgreindur í frumvarpinu. Þau ákvæði sem hér gætu átt við eru 209. gr. hgl. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga.
Vakin er athygli á því að brot á 2. mgr. 210. gr. hgl. varðar sektum eða fangelsi sbr. 1. mgr. 210. gr., en í greinargerð með frumvarpinu er því ranglega lýst að brotin varði einungis fangelsi."

- **Umsögn frá 10. mars 2004 um tillögu til þingsályktunar um ábyrgð þeirra sem reka netþjóna,139. mál.**

**Umsögnin er svohljóðandi:**
„Ríkissaksóknari telur eðlilegt að skoða hvort efni séu til að breyta íslenskum lagareglum um ábyrgð þeirra sem reka netþjóna og að þá verði einkum litið til reglna á hinum Norðurlöndunum, en mikil fræðileg umræða hefur átt sér stað þar um brot sem tengjast tölvutækni (datakriminalitet). Í greinargerð með þingsályktuninni er vitnað til sænsks réttar og bent á að þar hafi verið sett sérstök lög, nr. 112 frá 1998, um ábyrgð þeirra sem reka netþjóna. Þessi leið hefur ekki verið farin í Danmörku t.a.m. og er þörf á að skoða allar forsendur fyrir sænsku lögunum vel áður en slíkt yrði tekið upp hér. Vakin er athygli á að refsiramminn fyrir brot á sænsku lögunum er 6 mánaða fangelsi og 2 ár ef brot er gróft, ekki 6 ár eins og segir í greinargerðinni."

- **Umsögn frá 23. mars 2004 um frumvarp til laga um breytingu á lögum um greiðslu ríkissjóðs á bótum til þolenda afbrota, 276. mál.**

Engar athugasemdir eða ábendingar voru settar fram af hálfu ríkissaksóknara.

- **Umsögn frá 16. apríl 2004 um frumvarp til laga um útlendinga, 749. mál.**

**Umsögnin er svohljóðandi:**
„Borist hefur til umsagnar frá allsherjarnefnd Alþingis frumvarp til laga um útlendinga, 749. mál.

Umsögn ríkissaksóknara lýtur eingöngu að refsiákvæði frumvarpsins, 16. gr., þ.e. 57. gr. laganna

Í umsögn ríkissaksóknara til allsherjarnefndar Alþingis um frv. til laga um útlendinga dags. 27. febrúar 2002 sagði m.a.:

*Bent er á að e. og f. liðir 2. mgr. 57. gr. mæla það refsivert að aðstoða útlending „í hagnaðarskyni" til að fremja þann ólögmæta verknað sem þar er lýst. Álykta verður með hliðsjón af orðunum „í hagnaðarskyni" að refsilaust verði, að ákvæðinu óbreyttu, að aðstoða útlending til þeirra athafna, sem þar er lýst, ef það er ekki gert í hagnaðarskyni. Búast má við að slík skipan myndi valda miklum sönnunarerfiðleikum í refsimálum sem upp kunna að koma þar eð sanna verður auðgunartilgang þess sem aðstoðina veitir til þess að ná fram sakfellingu. Frá sjónarmiði ákæruvalds er óráðlegt að gera þessar kröfur í ákvæðunum."*

Með þeim breytingum sem felast í d. lið 16. gr. frv. er gert ráð fyrir að ekki þurfi að sýna fram á að slík starfsemi sé rekin í hagnaðarskyni. Ekki eru gerðar athugasemdir við efni ákvæðisins, en lagt til að það orðist þannig:
"Það varðar sektum eða fangelsi allt að sex árum að standa að skipulagðri starfsemi til að aðstoða útlendinga við að koma ólöglega til landsins eða til annars ríkis."
Þá er bent á að ákvæði 4. mgr. 57. gr. laga um útlendinga gerir ráð fyrir hlutlægri refsiábyrgð einstaklinga, stjórnenda skips eða loftfars, sem flytur útlending til landsins án þess að hafa fullnægjandi ferðaskilríki. Ráðlegra þykir í þessum tilvikum að að leggja refsiábyrgð á lögaðila, þ.e. félag sem rekur skip eða loftfar."

- **Umsögn frá 29. apríl 2004 um frumvarp til laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 með síðari breytingum, 871. mál.**

**Umsögnin er svohljóðandi:**
„Borist hefur til umsagnar frá allsherjarnefnd Alþingis frumvarp til laga um breyting á lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 með síðari breytingum, 871. mál.

**Um 1. gr. frumvarpsins.**
Ríkissaksóknari leggur til að 1. og 2. mgr. 43. gr. laga um meðferð opinberra mála, hér á eftir skammstöfuð oml., verði svohljóðandi:

*Verjandi skal jafnskjótt og unnt er fá endurrit af öllum skjölum sem málið varða svo og aðstöðu til að kynna sér þau gögn sem ekki verða endurrituð. Verjanda er óheimilt að láta sakborningi eða öðrum í té eintak af endurriti nema með samþykki lögreglu.*
*Vegna rannsóknarhagsmuna, öryggishagsmuna ríkisins eða hagsmuna þriðja aðila getur lögregla, í undantekningartilvikum, neitað að veita verjanda aðgang að einstökum gögnum máls eða lagt fyrir verjanda að kynna sakborningi eða öðrum ekki efni þeirra.*

Samkvæmt gildandi lagaákvæði og þeirri tillögu sem felst í frumvarpinu er ekki unnt að afstýra því að málsgögn fari í hendur sakbornings eða jafnvel annarra. Í mörgum málum er fjallað um viðkvæm efni og oft er eðlilegt, einkum með tilliti til hagsmuna þriðja aðila, að endurrit af skýrslum eða öðrum gögnum máls komist ekki í hendur sakbornings eða annarra. Nefna má skýrslur í kynferðisbrotamálum sérstaklega í þessu sambandi.
Ríkissaksóknari telur brýnt að núgildandi ákvæðum 1. og 2. mgr. 43. gr. oml. verði breytt og fest í lög að verjanda sakbornings sé óheimilt að láta sakborningi eða öðrum í té endurrit af gögnum máls sem hann fær í hendur samkvæmt lagagreininni. Þess vegna er gerð framangreind tillaga um orðalag 1. mgr. 43. gr. oml.
Með því að verjandi sakbornings fær endurrit gagna í hendur og hefur heimild til að kynna sakborningi og ræða við hann um efni þeirra er fyllilega gætt hagsmuna sakborningsins.
Ríkissaksóknari telur að í sérstökum tilvikum verði að vera unnt að synja verjanda sakbornings um aðgang að gögnum máls eða leggja fyrir hann að kynna sakborningi ekki það sem hann fær upplýsingar um frá lögreglunni. Af öðrum réttarfarsreglum mun leiða að slík synjun getur ekki staðið alla málsferðina ef beita á þeim gögnum sem um ræðir sem sönnunargögnum í málinu.

Gert er ráð fyrir því í 2. mgr. að einungis í undantekningartilvikum sé unnt að neita verjanda sakbornings um aðgang að gögnum máls vegna rannsóknarhagsmuna, öryggis ríkisins eða hagsmuna þriðja aðila eða leggja fyrir hann að kynna ekki efni gagna sem hann fær aðgang að. Synjun um aðgang að gögnum etc. getur verjandi borið undir dómara samkvæmt 75. gr. oml. og verður ekki séð að ástæða sé til að kveða sérstaklega á um þann möguleika í þessari lagagrein.

**Um 2. gr. frumvarpsins.**
Þessi ákvæði virðast vera þýðingarlítil nema sett verði í 43. gr. oml. heimild til að takmarka aðgang að gögnum í undantekningartilvikum vegna hagsmuna þriðja aðila.
Sérstaklega um b. lið. Með hliðsjón af meginreglum réttarfars verður að telja hæpið að unnt sé að leiða vitni fyrir dóm til vitnisburðar án þess að verjandi ákærða fái upplýsingar um hvert vitnið er.

**Um 3. gr. frumvarpsins.**
a. liður. Ríkissaksóknari mælir með efni ákvæðisins.
b. liður. Efast má um að unnt verði að leiða þann sem skýrslu gerir eða annast rannsóknaraðgerð í máli fyrir dóm til vitnisburðar um störf hans nema persónuupplýsingar verði veittar, sbr. umsögn um b. lið 2. gr.

**Um 4. gr. frumvarpsins.**
Engin athugasemd.

**Um 5. gr. frumvarpsins.**
Engin athugasemd.

**Um 6. gr. frumvarpsins.**
Ríkissaksóknari telur að ástæða sé til að endurskoða ákvæði oml. sem fjalla um símahlerun og skyld rannsóknarúrræði. Er

í því sambandi vísað til tillagna nefndar dómsmálaráðherra í skýrslu frá 1999 um sérstakar rannsóknaraðgerðir lögreglu. Í skýrslu nefndarinnar voru m.a. settar fram all ítarlegar tillögur til breytinga á 86. gr. og 87. gr. oml.

Ekki verður séð að sú breyting sem felst í frumvarpsgreininni um heimild til hlerunar til bráðabirgða þegar brýn hætta er á sakarspjöllum ef bíða þarf dómsúrskurðar sé varhugaverð í sjálfu sér enda ber að leggja málið fyrir dómara innan sólarhrings. Hins vegar þykir, eins og áður segir, ástæða til að ákvæði 86. og 87. gr. oml. verði endurskoðuð í víðara samhengi.

Ríkissaksóknari gerir eftirfarandi athugasemdir við efni frumvarpsgreinarinnar.

Eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpi til oml. sem urðu að lögum nr. 19/1991 var m.a. höfð hliðsjón af þeirri breytingu sem gerð var á réttarfarslögum Dana þegar dómsrannsóknir voru lagðar niður 1978. Í oml. hefur þannig verið farin danska leiðin, ef svo má segja, með því að fela lögreglunni ýmsar rannsóknarheimildir og ákvarðanir en leggja þær ekki beinlínis í hendur ákæruvaldins, sbr. t.d. ákvæði 97. gr. laganna um handtöku. Í 2. mgr. 90. gr. og 2. mgr. 93. er kveðið á um að „rannsóknari" megi framkvæma tilteknar aðgerðir, sem venjulega þarfnast dómsúrskurðar, ef hætta er á að bið eftir dómsúrskurði geti valdið sakarspjöllum. Samkvæmt norskum réttarfarslögum ákveður ákæruvaldið hins vegar handtöku og tekur ákvörðun um aðgerðir sem ekki má fresta vegna hættu á sakarspjöllum ef bíða þarf dómsúrskurðar.

Ríkissaksóknari telur rétt að samæmis verði gætt að þessu leyti í texta oml. og verði „lögreglu" falin heimildin. Þetta hlýtur að teljast rökrétt þar eð lögreglan annast rannsókn sakamála, sbr. IX. kafla oml., en ákæruvaldið getur hins vegar gefið fyrirmæli um framkvæmd rannsókna og veitt leiðbeiningar um framkvæmdina. Efnislega verður niðurstaðan í aðalatriðum hin sama hvort sem vísað er til lögreglunnar eða ákæruvalds í lagatextanum þar eð lögreglustjóri tekur umrædda ákvörðun í þágu rannsóknar sakamáls og þá sem handhafi ákæruvalds.

Ríkissaksóknari er æðsti handhafi ákæruvalds og hefur eftirlit með framkvæmd ákæruvalds hjá lögreglustjórum. Þess vegna er eðlilegt að ríkissaksóknari hafi eftirlit með því hvernig lögreglustjórar beita þessu rannsóknarúrræði ef ákvæðið verður að lögum.

Ríkissaksóknari efast um að það sé í samræmi við ákvæði 26. oml. að dómsmálaráðherra hafi milliliðalaust eftirlit með framkvæmd ákæruvalds hjá lögreglustjórum eins og virðist gert ráð fyrir í frumvarpsgreininni og athugasemdum með henni. Mælt er fyrir um það í 1. mgr. 26. gr. oml. hvernig eftirliti dómsmálaráðherra með framkvæmd ákæruvalds skuli hagað. Getur ráðherra krafið ríkissaksóknara skýrslna um einstök mál og samkvæmt því skal hann ekki leita til einstakra lögreglustjóra um meðferð þeirra á ákæruvaldi. Að sjálfsögðu getur dómsmálaráðherra krafið ríkissaksóknara upplýsinga um meðferð lögreglunnar, þ.e. lögreglustjóra, á umræddri rannsóknarheimild.

Með skírskotun til þess sem hér hefur verið rakið telur ríkissaksóknari að frumvarpsgreinin skuli vera svohljóðandi:

*Ef veruleg hætta er á að bið eftir úrskurði valdi sakarspjöllum getur **lögregla** ákveðið að aðgerðir skv. 86. gr. hefjist án dómsúrskurðar. **Lögregla** skal bera ákvörðunina eins fljótt og auðið er undir úrskurð dómara og ekki síðar en innan sólarhrings frá því að ákvörðunin var tekin og gildir þá einu þótt aðgerðinni hafi verið hætt. **Komist** dómari að þeirri niðurstöðu að ekki hafi átt að hefja aðgerð skv.86.gr. [...] skal hann [...] senda tilkynningu um það til **ríkissaksóknara**.*

Ríkissaksóknari leyfir sér loks að leggja til að bætt verði einni grein við frumvarpið eins og hér segir:

***Síðasti málsliður 1. mgr. 76. gr. verður svohljóðandi:***
*Sá sem á hagsmuna að gæta getur kært ákvörðun lögreglu til ríkissaksóknara innan eins mánaðar frá því að honum var tilkynnt um hana og skal ríkissaksóknari taka afstöðu til kærunnar innan eins mánaðar frá því að hún berst honum.*

Vakin er athygli á að í 114. gr. oml. er bæði kveðið á um kærufrest vegna ákvörðunar lögreglustjóra um að fella niður mál vegna sönnunarskorts eða falla frá saksókn og um afgreiðslufrest ríkissaksóknara á slíkri kæru. Samkvæmt 76. gr. oml. getur lögreglan vísað frá kæru ef ekki þykja efni til að byrja rannsókn út af henni og hún getur einnig hætt rannsókn ef ekki þykir grundvöllur til að halda henni áfram. Sá sem hagsmuna hefur að gæta getur borið ákvörðun lögreglunnar undir ríkissaksóknara. Í lagagreininni er hvorki mælt fyrir um kærufrest né afgreiðslufrest. Álitamál er hvort rétt sé að beita ákvæðum 114. gr. oml. með lögjöfnun um kærur samkvæmt 76. gr. laganna eða hvort beita beri ákvæðum stjórnsýslulaga. Þess vegna er mikilvægt að leysa úr því álitamáli með lagasetningu."

- **Umsögn frá 30. apríl 2004 um frumvarp til laga um einkamálalög og þjóðlendulög, 872. mál.**

Af hálfu ríkissaksóknara var ekki tekin afstaða til efnis frumvarpsins.

- **Umsögn frá 8. júní 2004 um frumvarp til laga um bann við umskurði kvenna, 198. mál, sem barst frá heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis.**

**Umsögnin er svohljóðandi:**
„Ríkissaksóknara hefur borist til umsagnar, með bréfi heilbrigðis- og trygginganefndar, dags. 14. f.m., frumvarp til laga um bann við umskurði kvenna, 198. mál.

Verknaður sem lýst er í frumvarpinu er refsiverður samkvæmt ákvæðum almennra hegningarlaga um líkamsmeiðingar. Á öðrum Norðurlöndum hefur bann við verknaðinum þó verið áréttað með sérákvæðum sem er skipað í almenn hegningarlög í Danmörku, en í sérrefsilög í Noregi og Svíþjóð.

Af hálfu ríkissaksóknara er ekki tekin afstaða til efnis og framsetningar frv. en lögð á það áhersla að við lagasetningu í þessu efni verði horft til löggjafar á Norðurlöndum, þ.á.m. ákvæða sem þar gilda um meginreglu refsiréttarins um tvöfalt refsinæmi."

- **Umsögn frá 10. nóvember 2004 um frumvarp til laga um fórnarlamba- og vitnavernd, 13. mál.**

**Umsögnin er svohljóðandi:**
„Með bréfi allsherjarnefndar, dagsettu 25. f.m., barst ríkissaksóknara til umsagnar frv. til laga um fórnarlamba- og vitnavernd, 13. mál.

Umsögn ríkissaksóknara einskorðast við álitaefni um vernd þolenda mansals við lögreglurannsókn máls og saksókn. Mansal er refsivert skv. 227. gr. a. almennra hegningarlaga. Réttarfarslög og hegningarlög geyma ýmis ákvæði um vitnavernd, sbr. einkum 6. mgr. i.f. og 8. mgr. 59. gr. oml. og 108. gr. alm. hgl. Brotaþolar sem hér um ræðir myndu njóta réttarverndar skv. þessum ákvæðum.

Í greinargerð með frv. er vitnað til frv. sænsku ríkisstjórnarinnar um sama efni. Árið 2003 lagði sænska ríkisstjórnin fram á þingi frv. með heitinu "Människosmuggling och tidsbegränsat uppehållstillstånd för målsägande och vittnen m.m." (Prop. 2003/04:35). Með lögum nr. 2004:206 voru gerðar breytingar á sænsku útlendingalögunum, Utlänningslag 1989:529, sem m.a. fela í sér að stjórnandi rannsóknar getur hlutast til um að útlendingi verði veitt tímabundið dvalarleyfi ef nauðsynlegt þykir vegna lögreglurannsóknar eða dómsmeðferðar máls.

Af hálfu ríkissaksóknara þykir rétt að reglum um dvalarleyfi sé skipað í útlendingalög. Um tilhögun lagabreytinga sem frv. lýtur að þykir rétt að horft verði til lagasetningar í Svíþjóð um þetta efni."

- **Umsögn frá 23. nóvember 2004 um frumvarp til laga um breytingu á refsiákvæðum laga nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar, laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, laga nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, 215. mál, sem barst ríkissaksóknara frá sjávarútvegsnefnd Alþingis.**

**Umsögnin er svohljóðandi:**
„Þann 10. þ.m. barst ríkissaksóknara til umsagnar frá sjávarútvegsnefnd Alþingis frumvarp til laga um breyting á refsiákvæðum laga nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar, laga nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, laga nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að lágmark sekta vegna brota á lögunum verði fellt brott úr lagaákvæðum sem tilgreind eru í frumvarpinu og er *„tilgangur þessarar lagabreytingar að koma í veg fyrir að smávægilegar yfirsjónir kosti viðkomandi 400.000 kr. heldur geti dómstólar litið á hvert mál fyrir sig og ákveðið viðurlög innan rýmri refsiramma en nú er heimilt”* eins og segir í greinargerð.

Með lögum nr. 39/2000 var fellt úr almennum hegningarlögum ákvæði um sektarhámark sem mælt var fyrir um í 50. gr. laganna. Áður hafði sektarlágmark verið fellt brott úr ákvæðinu, eins og rakið er í II. kafla athugasemda við lagafrumvarpið sem varð að lögum nr. 39/2000. Samkvæmt framangreindu má ætla að ekki þyki lengur refsiréttarleg nauðsyn að hafa sektarhámark og/eða sektarlágmark í refsilögum eins og einu sinni var talið. Refsilágmark í lögum og þar með sektarlágmark takmarkar heimild dómstóla til refsiákvörðunar lítillega en sýnist geta verið tæki löggjafans til þess að lýsa afstöðu til brota á þeim lögum eða lagaákvæðum og hafa áhrif á refsiákvörðun dómstóla til refsiþyngingar. Refsihámark og þar með sektarhámark bindur einnig hendur dómstóla og kann að valda því að fjárhæð sekta vegna tiltekinna brota verði lægri en dómstóll hefði ákveðið óbundinn af sektarhámarki.

Með frumvarpinu sem borist hefur til umsagnar er sektarlágmark vegna tiltekinna brota fellt niður en sektarhámarki haldið. Sektarramminn sem nú gildir var settur á árunum 1996 - 1997 og er ljóst að mörk hans hafa lækkað talsvert að raungildi vegna verðlagsbreytinga á þeim tíma sem síðan er liðinn. Að sjálfsögðu er það löggjafans að taka ákvörðun um þennan refsi- eða sektarramma. Ég leyfi mér hins vegar að gera grein fyrir því viðhorfi mínu að ég tel að fella beri sektarhámarkið í viðkomandi lagaákvæðum brott verði ákveðið að fella sektarlágmarkið niður. Ætla ég að með slíkri breytingu og umfjöllun í lögskýringargögnum geti löggjafinn komið þeim skilaboðum til dómstóla að rétt kunni að vera að beita háum sektum, hærri en nú er unnt vegna sektarhámarksins, þegar brot eru umfangsmikil og framin í stórvirkri atvinnustarfsemi.

Meðal refsiákvæða þeirra laga sem lagt er til að breytt verði með frumvarpinu eru ákvæði um refsiábyrgð lögaðila. Leyfi ég mér því jafnframt að minna á að með lögum nr. 140/1998 var nýjum lagakafla um refsiábyrgð lögaðila, II. kafla A, bætt inn í almenn hegningarlög. Með nefndri lagabreytingu mun hafa verið stefnt að því að samræma fyrirkomulag refsiábyrgðar lögaðila með því að framvegis yrði skírskotað til þessa nýja lagakafla í sérrefsilögum sem kveða á um refsiábyrgð lögaðila. Því tel ég eðlilegt, verði gerðar breytingar á sektarákvæðum laganna sem vísað er til í frumvarpinu, að um leið verði tekið á fyrirkomulagi refsiábyrgðar lögaðila vegna brota á lögunum og skírskotað til II. kafla A. almennra hegningarlaga um fyrirkomulagið.

Samkvæmt þeim hugmyndum sem ég hef gert grein fyrir hér að framan gætu viðeigandi refsiákvæði laganna sem um ræðir hljóðan þannig:

**Breyting á lögum nr. 57/1996 um umgengni við nytjastofna sjávar:**

23. gr. Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að sex árum.

[...]Við ítrekað brot skal sekt eigi nema lægri fjárhæð en 800.000 kr. [...].
Beita skal ákvæðum laga um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla vegna brota gegn lögum þessum eftir því sem við á.

24. gr. [Sektir vegna brota á lögum þessum má gera lögaðila samkvæmt ákvæðum II. kafla A. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.]

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

**Breyting á lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða:**

25. gr. Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt þeim og ákvæðum leyfisbréfa varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að sex árum.

[...] Við ítrekað brot skal sekt eigi nema lægri fjárhæð en 800.000 kr. [...].

25. gr. a. [Sektir vegna brota á lögum þessum má gera lögaðila samkvæmt ákvæðum II. kafla A. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.]

Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

**Breyting á lögum nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðlandhelgi Íslands:**

16. gr. Við brotum gegn 3.-5. gr. laga þessara skal sekt ekki nema lægri fjárhæð en 600.000 kr. [...]. Sama gildir sé skip staðið að veiðum á svæðum þar sem veiðar hafa verið bannaðar með stoð í 1. mgr. 8. gr. og 9.-11. gr. laga þessara.

Brot samkvæmt framansögðu skulu, auk refsingar, varða upptöku á þeim veiðarfærum skipsins sem notuð hafa verið við hinar ólögmætu veiðar, þar með töldum dragstrengjum, svo og afla þess, enda sé sennilegt að aflinn hafi fengist með ólögmætum hætti. Upptöku má framkvæma án tillits til þess hvort jafnframt sé krafist refsingar.
Í stað þess að gera afla og veiðarfæri upptæk skv. 2. mgr. er heimilt að gera upptæka fjárhæð sem svarar til andvirðis afla og veiðarfæra samkvæmt mati dómkvaddra kunnáttumanna.

17. gr. Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt lögum þessum eða ákvæðum leyfisbréfa varða sektum. [...].

18. gr. [Sektir vegna brota á lögum þessum má gera lögaðila samkvæmt ákvæðum II. kafla A. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.]

Tilraun og hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

**Breyting á lögum nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands:**

13. gr. Við brotum gegn 2. málsl. 7. gr. laga þessara skal sekt ekki nema lægri fjárhæð en 600.000 kr. [...].

Brot samkvæmt framansögðu skulu, auk refsingar, varða upptöku á þeim veiðarfærum skipsins sem notuð hafa verið við hinar ólögmætu veiðar, þar með töldum dragstrengjum, svo og afla þess, enda sé sennilegt að aflinn hafi fengist með ólögmætum hætti. Upptöku má framkvæma án tillits til þess

hvort jafnframt sé krafist refsingar.
Í stað þess að gera afla og veiðarfæri upptæk skv. 2. mgr. er heimilt að gera upptæka fjárhæð sem svarar til andvirðis afla og veiðarfæra samkvæmt mati dómkvaddra kunnáttumanna.

14. gr. Brot gegn öðrum ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt lögum þessum eða ákvæðum leyfisbréfa varða sektum. **[...]**.

Fiskistofa skal svipta lögaðila leyfi til veiða fyrir brot á þessum lögum eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum um umgengni um nytjastofna sjávar.

15. gr. [Sektir vegna brota á lögum þessum má gera lögaðila samkvæmt ákvæðum II. kafla A. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.]

Tilraun og hlutdeild í brotum gegn lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum."

- **Umsögn frá 16. desember 2004 um frumvarp til almennra hegningarlaga, 67. mál, bann við limlestingu á kynfærum kvenna.**

**Umsögnin er svohljóðandi:**
„Með bréfi allsherjarnefndar Alþingis, dags. 14. þ.m., barst ríkissaksóknara til umsagnar frumvarp til almennra hegningarlaga, 67. mál, bann við limlestingu á kynfærum kvenna.

Af hálfu ríkissaksóknara þykir ástæða til að horft verði til löggjafar á Norðurlöndum við lagasetningu í þessu efni. Einkum er bent á orðalag ákvæðis 245. gr. a. danskra hegningarlaga.

Þá er bent á að afnám skilyrðis um tvöfalt refsinæmi næst með breytingum á 6. gr. hgl."

## 6. kafli Starfsmenn ríkissaksóknara

**Starfsmenn við embætti ríkissaksóknara voru þann 31. desember 2004:**

**Bogi Nilsson**, ríkissaksóknari
**Bragi Steinarsson**, vararíkissaksóknari,
**Sigríður Jósefsdóttir**, saksóknari
**Ragnheiður Harðardóttir**, saksóknari
**Sigríður Friðjónsdóttir**, saksóknari
**Sigríður Elsa Kjartansdóttir**, fulltrúi
**Kolbrún Sævarsdóttir**, fulltrúi

**Fimm starfsmenn voru á skrifstofu embættisins:**

**Bjarnfríður Gunnarsdóttir**, skrifstofustjóri
**Guðmundur Arnfinnsson**, sakaskrárritari
**Þorgerður Þórdís Haraldsdóttir**, málaskrárritari, sem gegnir hálfu starfi
**Jenný Heiða Björnsdóttir**, ritari
**Anna Matthildur Axelsdóttir**, ritari

Samkvæmt framangreindu voru 12 starfsmenn við embætti ríkissaksóknara þann 31. desember 2004, 8 konur og 4 karlar, í ellefu og hálfu starfi

# 7. kafli

# Siðareglur ákærenda

**Að tilhlutan Evrópuráðsins hefur Ráðstefna evrópskra ríkissaksóknara samþykkt leiðbeinandi siðareglur fyrir ákærendur. Þrátt fyrir að siðareglurnar hafi verið samþykktar á árinu 2005 þykir rétt að þær fylgi ársskýrslu þessari þar sem reglurnar lágu fyrir við útgáfu hennar.**

# Evrópskar leiðbeiningarreglur
# Um siði og breytni opinberra ákærenda
# „Búdapestreglurnar"

Samþykktar af Ráðstefnu evrópskra ríkissaksóknara 31. maí 2005

## Inngangur

1. Opinberir ákærendur fara með lykilhlutverk í refsivörslukerfinu, og í sumum löndum eru þeim ennfremur falin ýmis önnur verkefni, svo sem á sviði viðskipta, einkamálaréttar eða stjórnsýsluréttar, sem almennum gæslumönnum laga og réttar.

2. Með þetta í huga hefur Ráðstefna evrópskra ríkissaksóknara sannfærst um að hvetja beri til þess að opinberum ákærendum séu skilgreindar sameiginlegar meginreglur, og hefur ráðstefnan á allsherjarfundi sínum í Búdapest í maí 2005 samþykkt eftirfarandi leiðbeiningarreglur um siði og breytni opinberra ákærenda.

3. Samkvæmt tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. Rec (2000) 19 um hlutverk ákæruvaldsins í refsivörslukerfinu, sem er grundvallarskjal Ráðstefnu evrópskra ríkissaksóknara, fara opinberir ákærendur með opinbert vald og tryggja fyrir hönd samfélagsins og í almannaþágu að lögum sé beitt þegar brot gegn þeim hefur í för með sér refsiviðurlög, og taka þeir í því starfi tillit til bæði réttinda hins einstaka manns og nauðsynlegrar skilvirkni refsivörslukerfisins.

4. Í öllum refsivörslukerfum ákveða opinberir ákærendur hvort sakamál skuli höfðað eða því haldið áfram, sækja mál fyrir dómstólum, og geta enn fremur áfrýjað dómsúrlausnum, sumum eða öllum.

5. Leiðbeiningarreglurnar eru ekki bindandi fyrir handhafa ákæruvalds í hinum einstöku löndum, heldur ber að líta svo á að þær setji fram almenn meginsjónarmið sem yfirleitt er fallist á hvað snertir störf opinberra ákærenda, og sem telja má að feli í sér leiðbeiningar innanlands um álitaefni er varða siðferðilega rétta breytni og áþekk atriði.

6. Í leiðbeiningarreglunum eru sett fram viðmið um hátterni og starfshætti sem krafist er af öllum ákærendum er starfa hjá eða á vegum handhafa opinbers ákæruvalds.

7. Til að tryggja að opinberum ákærendum sé unnt að fullnægja starfsskyldum sínum sjálfstætt og í samræmi við leiðbeiningarreglur þessar minnir ráðstefnan á þau öryggisatriði sem fjallað er um i 4.-10. lið tilmæla nr. (2000) 19 um hlutverk ákæruvaldsins í refsivörslukerfinu.

## I. Grundvallarskyldur

**Opinberum ákærendum ber ávallt, hvernig sem á stendur**

- að vinna störf sín, þar á meðal að sinna skyldu sinni til aðgerða, í samræmi við viðeigandi landslög og alþjóðalög,
- að vinna störf sín af sanngirni, hlutleysi og samkvæmni, og með hæfilegum hraða,
- að virða, vernda og halda uppi mannlegri reisn og mannréttindum,
- að taka tillit til þess að þeir starfa fyrir hönd samfélagsins og í þágu almannahags,
- að leitast við að ná sanngjörnu jafnvægi milli almennra samfélagshagsmuna og hagsmuna og réttinda einstaklingsins.

## II. Almennt um faglega breytni

**Opinberum ákærendum ber ávallt að gera hæstu faglegar kröfur, og**

a. ávallt gæta heiðurs og virðingar starfs síns,
b. ávallt sýna faglega breytni,
c. ávallt gæta ýtrustu krafna hvað snertir heiðarleika og vandvirkni,
d. vinna störf sín á grundvelli mats síns á atvikum og lögum samkvæmt, án nokkurra óviðkomandi áhrifa,
e. halda sér vel upplýstum og viðhalda starfsfærni sinni og þekkingu á lagalegri og félagslegri framvindu,
f. kappkosta að vera hlutlausir og vera reyndir að því að gæta hlutleysis og samræmis í störfum, þar á meðal með því að setja fram og birta almennar leiðbeiningarreglur, meginreglur og viðmið eins og fjallað er um í lið 36 a í tilmælum nr. Rec (2000) 19 til leiðsagnar við störf sín sem einstaklingar og sem heild, og stuðla þar sem það á við að umræðum og hópstarfi,
g. vinna störf sín af sanngirni og án ótta, vildar eða fordóma,
h. leiða hjá sér einstaklingsbundna og hópbundna hagsmuni og þrýsting f rá almenningi eða fjölmiðlum,
i. virða jafnrétti allra fyrir lögum og sýna engum mismunun á grundvelli atriða á borð við kynferði, kynþátt, hörundslit, tungu, trú, stjórnmálaskoðun eða aðrar skoðanir, kynhneigð, þjóðernislegan eða félagslegan uppruna, tengsl við þjóðernisminnihluta, eignir, ætterni, heilsufar, fötlun eða aðra stöðu,
j. virða trúnað um það sem leynt á að fara í starfi,
k. hafa í huga sjónarmið, réttmæta hagsmuni, einkalíf og hugsanleg áhyggjuefni fólks sem þeir kunna að hafa afskipti af í starfi,
l. leitast við að tryggja að einstaklingum séu á fullnægjandi hátt kynnt réttindi sín og réttarstaða, að því marki sem það fellur undir verksvið opinbers ákæranda,
m. koma fram í dómi og gagnvart lögreglu og öðrum yfirvöldum, svo og gagnvart öðrum í stétt lögmanna, af virðingu og kurteisi,
n. veita aðstoð opinberum ákærendum og yfirvöldum í öðrum löndum samkvæmt lögum og til að stuðla sem mest að alþjóðlegri samvinnu,
o. leyfa ekki persónulegum eða fjárhagslegum hagsmunum opinbers ákæranda, eða fjölskyldutengslum, félagslegum tengslum eða öðrum tengslum hans, að hafa áhrif á breytni hans í starfi. Sérstaklega ber þeim ekki að vinna störf opinbers ákæranda í málum þar sem þeir, skyldmenni þeirra eða félagar í viðskiptum hafa persónulegra, einstaklingsbundinna eða fjárhagslegra hagsmuna eða tengsla að gæta.

## III. Fagleg breytni varðandi rekstur refsimála

**Í starfi er varðar rekstur refsimáls ber opinberum ákærendum ávallt að**

a. virða grundvallarregluna um réttláta málsmeðferð eins og hún kemur fram í 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu,
b. rækja störf sín af sanngirni og hlutleysi, málefnalega, og sjálfstætt innan þess ramma sem lög kunna að kveða á um,
c. leitast við að tryggja að refsivörslukerfið starfi eins greiðlega og unnt er og í samræmi við

kröfur réttvísinnar,
d. virða þá reglu að maður telst saklaus þar til sekt hans er sönnuð,
e. leitast við að tryggja að allar nauðsynlegar og eðlilegar rannsókir og athuganir fari fram eða hafi farið fram áður en ákvarðanir eru teknar um að höfða mál eða höfða ekki mál, eða aðrar ákvarðanir sem kunna að hafa árhif á gang réttvísinnar,
f. taka tillit til allra viðeigandi aðstæðna í máli, þar á meðal þeirra sem varða hinn grunaða, hvort sem þær eru honum í hag eða í óhag,
g. höfða ekki mál og halda ekki máli til steitu þegar hlutlaus rannsókn sýnir að sakargift er ekki á rökum reist,
h. sækja mál af ákveðni en sanngirni, og ekki umfram það sem sönnunargögn benda til,
i. athuga möguleg sönnunargögn með tilliti til þess hvort þeirra hafi verið löglega aflað,
j. hafna notkun sönnunargagna sem með rökum má telja að hafi verið aflað ólöglega þannig að alvarlega hafi verið brotið gegn mannréttindum hins grunaða eða annarra, nema gegn þeim sem það gerði,
k. leitast við að tryggja að til viðeigandi aðgerða sé gripið gegn þeim sem slíkum aðferðum hafa beitt,
l. gæta reglunnar um jafna stöðu málsaðila, sérstaklega með því að veita hinum ákærða eða verjanda hans upplýsingar að því marki sem lög leyfa og samræmist réttlátri málsmeðferð,
m. taka réttmætt tillit til hagsmuna vitna og brotaþola,
n. aðstoða dóminn við að komast að réttlátri niðurstöðu,
o. taka ákvarðanir á grundvelli óhlutdrægs og faglegs mats á þeim sönnunargögnum sem fyrir hendi eru.

## IV. Breytni í einkalífi

a. Opinberir ákærendur mega með athöfnum í einkalífi sínu hvorki stefna í hættu heiðarleika ákæruvaldsins, réttsýni þess eða óhlutdrægni, né þeirri ímynd heiðarleika, réttsýni og óhlutdrægni sem það kann að njóta.

b. Opinberir ákærendur skulu ávallt virða lög og hlýða lögum.

c. Opinberum ákærendum ber að sýna breytni sem stuðlar að og heldur við trausti almennings á starfi þeirra.

d. Opinberir ákærendur mega ekki nýta upplýsingar sem þeir kunna að hafa haft aðgang að í starfi sínu með óréttmætum hætti í þágu einstaklingsbundinna hagsmuna þeirra sjálfra eða annarra.

e. Opinberir ákærendur mega ekki veita viðtöku neinum gjöfum, verðlaunum, hlunnindum, fyrirgreiðslum eða þægindum frá þriðja aðila eða vinna nein þau verk sem telja má að stefni í hættu heiðarleika þeirra, réttsýni og óhlutdrægni[1].

[1] Leiðbeiningarreglur þessar sækja einkum fyrirmyndir til
- Evrópusamnings um vernd mannréttinda og mannfrelsis,
- Tilmæla nr. Rec (2000) 19 um hlutverk ákæruvaldsins í refsivörslukerfinu,
- Tilmæla nr. Rec (2000) 10 um siðareglur fyrir opinbera starfsmenn,
- Leiðbeiningarreglna um störf saksóknara, samþykktra af 8. þingi Sameinuðu þjóðanna um fyrirbyggingu afbrota og meðferð sakamanna (Havana, 27. ágúst til 7. september 1990),
- annarra viðeigandi siðareglna og starfsreglna sem lagðar hafa verið til eða samþykktar af opinberum aðilum eða samtökum einkaaðila og alþjóðlegum samtökum.

**Hönnun og umbrot:** Sigrún Einarsdótir, sigruneina@internet.is • **Prentvinnsla:** Svansprent

Ríkissaksóknari • Hverfisgötu 6 • 150 Reykjavík • sími 530 1600 • www.saksoknari.is